# 494. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1971.

## I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins hinn 14. jan. 1972 voru innkomnar tekjur vegasjóðs hinn 31. des. 1971, eins og hér segir:

| | Áætlun m.kr. | | Rauntekjur m.kr. | | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Benzíngjald: | | | | | |
| Brúttótekjur | 613.1 | | 585.2 | | |
| Endurgreiðslur | 14.0 | | 14.9 | | |
| | — | 599.1 | — | 570.3 | ÷28.8 |
| 1.2. Þungaskattur: | | | | | |
| Brúttótekjur | 197.7 | | 188.8 | | |
| Endurgreiðslur | 4.0 | | 1.8 | | |
| | — | 193.7 | — | 187.0 | ÷ 6.7 |
| 1.3. Gúmmígjald | | 44.0 | | 58.4 | +14.4 |
| | Alls | 836.8 | | 815.7 | ÷21.1 |

1.1. Tekjur af benzíngjaldi.

Brúttósala á benzíni á tekjuárinu 1971, þ. e. nóv. 1970—okt. 1971 var áætluð 77.9 millj. lítra, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, sem lögfest var á Alþingi hinn 28. des. 1970. Raunveruleg sala samkvæmt söluskýrslum olíufélaganna hefur hins vegar reynzt 77.5 millj. lítrar eða 0.5% minni en áætlað var. Endurgreiðslur á benzínskatti urðu 14.9 m.kr., og er það 0.9 m.kr. hærri upphæð en áætlað var. Brúttótekjur af benzíngjaldi urðu hins vegar 27.9 m.kr. undir áætlun eða 4.6%. Þessi mismunur stafar af því, að hækkun sú á benzíngjaldi, sem tók gildi 1. jan. 1971 samkvæmt lögum nr. 98/1970, kemur vegasjóði aðeins til tekna fyrir 10 mánuði af árinu 1971 vegna gjaldfrests olíufélaganna á benzíngjaldinu, en sá frestur er tveir mánuðir að viðbættum sölumánuði.

Brúttósala á benzíni undanfarin 6 tekjuár hefur verið, eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1966 | 68.3 | millj. lítra |
| 1967 | 72.2 | — — |
| 1968 | 71.5 | — — |
| 1969 | 69.3 | — — |
| 1970 | 69.7 | — — |
| 1971 | 77.5 | — — |

Aukning brúttósölu á benzíni á árinu 1971 er 11.2% miðað við árið 1970. Er það nokkru minni aukning en samsvarar heildarfjölgun bifreiða á árinu, sem gera má ráð fyrir að verði um 13%, enda er nokkuð flutt inn af dísilbifreiðum og nýjar fólksbifreiðar, sem fluttar eru inn nú, eru yfirleitt minni og því sparneytnari en mikið af þeim stóru og eyðslufreku fólksbifreiðum, sem fluttar voru inn fyrir hálfum öðrum áratug og nú er verið að afskrá árlega.

1.2. Tekjur af þungaskatti.

Áætlaðar brúttótekjur af þungaskatti voru 197.7 m.kr., en endurgreiðslur 4.7 m.kr. Hinn 14. jan. þ. á. voru samkvæmt yfirliti ríkisbókhaldsins innheimtar

tekjur hinn 31. des. 1971 af þungaskatti alls 188.8 m.kr., en endurgreiðslur 1.8 m.kr. og nettótekjur því 187.0 m.kr. Er það 6.7 m.kr. lægri upphæð en gert var ráð fyrir í vegáætlun, eins og að framan greinir.

Síðar hefur verið ákveðið að nota heimild vegalaga til endurgreiðslu þungaskatts sérleyfisbifreiða, sem hafa innan við 20% sætanýtingu yfir vetrartímann. Endurgreidd verða samkv. þessari heimild 60% kílómetragjaldsins á 22 leiðum, samt. 656 þús. kr.

Innheimtur þungaskattur af dísilbifreiðum eftir kílómetragjaldi samkvæmt auglýsingu nr. 47/1971 reyndist 65.7 m.kr., og skiptist innheimtan þannig eftir ársfjórðungum:

| | |
|---|---|
| 1. ársfjórðungur | 9.4 m.kr. |
| 2. — | 9.5 — |
| 3. — | 12.8 — |
| 4. — | 34.0 — |
| Samtals | 65.7 m.kr. |

Í þessu sambandi er það að athuga, að innheimt kílómetragjald á 1. ársfjórðungi er vegna aksturs á 4. ársfjórðungi 1970, þ. e. áður en 50% hækkun á þungaskatti skv. l. nr. 98/1970 tók gildi. Ef innheimt kílómetragjald á 1. ársfjórðungi er hækkað um 50% eða 4.7 m.kr. fást sambærilegar tölur fyrir heilt tekjuár. Hefði kílómetragjaldið þá numið 70.4 m.kr. og allur innheimtur þungaskattur 193.5 m.kr. Hefði kílómetragjaldið þá numið 36.7% af öllum innheimtum þungaskatti. Í tekjuáætlun vegasjóðs fyrir árið 1971 var hins vegar gert ráð fyrir því, að þungaskattur af dísilbifreiðum, 5 tonna og þyngri, næmi 85.8 m.kr. Hefur hann því í raun orðið um 18% minni en áætlað var. Mun meiri innflutningur hefur verið á þungum dísilbifreiðum á árinu en tekjuáætlunin gerði ráð fyrir, og ef tekið er tillit til þess, verður munurinn enn meiri eða allt að því 25%. Að hallinn á tekjuáætlun á þungaskatti er þó ekki meiri en raun ber vitni, stafar af því, að heildarinnflutningur bíla á árinu 1971 varð mun meiri en tekjuáætlunin gerði ráð fyrir.

Þegar kílómetragjald af dísilbifreiðum, 5 tonna og þyngri, var ákveðið samkv. auglýsingu nr. 47/1971 var miðað við, að þessar bifreiðar ækju að meðaltali 30 þús. km á ári. Miðað við þennan meðalakstur átti kílómetragjaldið að gefa sömu tekjur af þessum bifreiðum og fastur þungaskattur. Miðað við reynsluna af þessu fyrsta ári virðist þó ljóst, að meðalaksturinn sé töluvert minni en 30 þús. km á ári og kílómetragjaldið skili af þeim sökum allt að 25% minni tekjum en fastur þungaskattur.

1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

Tekjur af gúmmígjaldi voru áætlaðar 44.0 m.kr., en urðu 58.4 m.kr. eða 14.4 m.kr. umfram áætlun. Samkvæmt því hefur raunveruleg sala á hjólbörðum á árinu 1971, að meðtöldum hjólbörðum á innfluttum bifreiðum, numið alls um 1620 tonnum. Ljóst er, að þessi mikla hækkun stafar að verulegu leyti af óvenju miklum innflutningi bifreiða á árinu 1971, en fluttar voru inn alls 7.729 nýjar og notaðar bifreiðar.

Samsvarandi tölur fyrir innflutning á hjólbörðum undanfarin 6 ár eru eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1966 | 1320 tonn |
| — 1967 | 1260 — |
| — 1968 | 917 — |
| — 1969 | 825 — |
| — 1970 | 1200 — |
| — 1971 | 1620 — |

## II. Skipting útgjalda.

### 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

#### 2.1.1. Launagreiðslur.

Launagreiðslur urðu 26.2 millj. kr., en voru áætlaðar í vegáætlun 24.6 millj. kr. Stafar þetta af hækkun á kaupgjaldsvísitölu og einnig af breytingum, sem urðu á röðun starfsmanna í launaflokka, svo og vegna lausráðinna starfsmanna til úrlausnar sérstakra verkefna, sbr. lið 2.1.4.

#### 2.1.2. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og ekkna þeirra urðu 2.6 millj. kr., en voru áætlaðar 2.5 millj. kr. Hækkun þessi stafar af vísitölubreytingum, en eftirlaunin eru miðuð við 15. launaflokk ríkisstarfsmanna.

#### 2.1.3. Skrifstofukostnaður.

Skrifstofukostnaður var í vegáætlun áætlaður 7.0 millj. kr., en varð 7.1 millj. kr., og stafar sú hækkun að mestu af vísitölubreytingum.

Hinn 15. maí flutti bókhalds- og endurskoðunardeild vegamálaskrifstofunnar í leiguhúsnæði í Borgartúni 1 vegna mikilla þrengsla í Borgartúni 7. Er vegamálaskrifstofan því nú með húsnæði í Borgartúni 1, 5 og 7. Er af þessu mikið óhagræði og aukakostnaður og því orðið aðkallandi að leysa húsnæðismál skrifstofunnar á hagkvæmari hátt til frambúðar.

#### 2.1.4. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda í öllum vegaflokkum var mun meiri á árinu en á undanförnum árum, svo sem nánar greinir í kafla 2.3. Komu þar sérstaklega til undirbúningur framkvæmda vegna Austurlandsáætlunar, undirbúningur að Norðurlandsáætlun og vegáætlun fyrir árin 1972—1975. Auk þessa var unnið mikið að úrlausn einstakra verkefna samkv. þingsályktunartillögum, svo sem greint er frá sérstaklega undir lið 2.3.6. og 2.3.7.

Þá jók það mjög vinnu við verkfræðilegan undirbúning, að tekin var upp í III. kafla vegáætlunar 1971 heimild til framkvæmda fyrir 50 m.kr. í þjóðbrautum, landsbrautum og aðalfjallvegum, ef fjár yrði aflað til framkvæmdanna. Heimild þessi var samþykkt 30. apríl, en ákvörðun um, að hve miklu leyti hún yrði notuð, lá fyrst fyrir í lok maí og seint í júní. Þar sem hér var að verulegu leyti um að ræða framkvæmdir, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir samkvæmt fyrri vegáætlun fyrir árið 1971, var verkfræðilegum undirbúningi þeirra mjög skammt á veg komið. Var hér teflt mjög tæpt um allan undirbúning.

Til þess að leysa þessi margþættu og sumpart óvæntu verkefni varð að lausráða nokkurt tæknilegt starfslið. Skal í því sambandi nefnt, að lausráðinn var verkfræðingur og mælingamaður með skilyrði um búsetu á Austurlandi, og var þeim sköpuð starfsaðstaða á Egilsstöðum. Lausráðinn var tæknifræðingur með skilyrði um búsetu á Akureyri. Er með þessu stefnt að því, að umdæmisverkfræðingar ásamt nauðsynlegu tæknilegu starfsliði hafi aðsetur í hinum einstöku umdæmum, eftir því sem starfsaðstaða verður fyrir hendi og starfsmenn fást til þeirra starfa.

Í maí 1971 voru verkstjórar Vegagerðarinnar kvaddir til tveggja daga fundar í Bifröst í Borgarfirði. Voru þar aðallega kynnt drög að nýjum stöðlum við gerð vega í mismunandi flokkum. Á sama tíma var haldinn fundur með öllum verkstjórum við brúargerð í Borgarnesi, þar sem þeim voru kynnt drög að nýjum stöðlum um frágang við brýr o. fl.

Fjárveiting til verkfræðilegs undirbúnings framkvæmda var alls 8.8 m.kr. Kostnaður á þessum lið mun þó verða um 4.7 m.kr. umfram það, sem eðlilegt er að færa á einstök verk.

### 2.1.5. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 2.3 m.kr.

#### A. Talning umferðar.

Umferðartalning var aukin að mun á árinu, m. a. í samráði við starfsmenn Alþjóðabankans, sem voru hér á landi vorið 1970.

Sumarumferð var talin á 120 stöðum á landinu, þar af voru fastir teljarar á um 35 stöðum allt sumarið.

Á árinu voru keyptir 13 umferðarteljarar, en 3 af þeim voru sérstaklega útbúnir til notkunar allt árið. Verður með þeim hægt að fá talningu á vetrarumferð, en það hefur ekki verið unnt með teljurum til þessa, þar sem loftfylltar gúmmíslöngur á akbraut eyðileggjast fljótt af snjókeðjum og negldum hjólbörðum. Við hina nýju teljara er rafstrengur grafinn niður í akbraut, og hefur því hjólabúnaður bifreiða ekki áhrif á hann.

Umferðartalningar sýna mikla aukningu á umferð, en mest virðist aukning vera á Reykjanesbraut við gjaldstöðina hjá Straumi eða 24% aukning á sumarumferð, aukning á umferð yfir allt árið er 19.5%.

Á vegum í nágrenni Selfoss er aukningin um 12% og á Vesturlandsvegi (Reykjavík—Borgarfjörður) um 10%.

Í nágrenni Akureyrar er aukning á umferð frá árinu áður um 15%.

Á fylgiskjali nr. 2.1.5.—1 er sýnt umferðarkort af Reykjavík og nágrenni og einnig næsta nágrenni Akureyrar fyrir 1971.

#### B. Vegaeftirlit.

Haft var eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama hætti og síðastliðin ár. Sérstök áherzla var lögð á eftirlit með öxulþunga, meðan klaki var að fara úr vegum s. l. vor og þeir viðkvæmir fyrir skemmdum.

Á árinu voru keyptar tvennar bílavogir, og var því unnt að halda uppi eftirliti með 5 eftirlitsflokkum á mesta hættutíma veganna. Fyrrnefndar bílavogir eru einnig notaðar af vegaverkstjórum til að vigta hlassþunga í sambandi við malarakstur.

Við vegaeftirlitið hafa að undanförnu verið 2 fastráðnir starfsmenn. Var nú ráðinn þriðji maðurinn, og annast hann söfnun og dreifingu á upplýsingum um færð á vegum, og fór því kostnaður á þessum lið um 300 þús. kr. fram úr áætlun.

### 2.1.6. Áhrif verðhækkana.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið 1971 voru miðaðar við verðlag og kaupgjald í marz sama ár (kaupgjaldsvísitala 104.21 stig). Breytingar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða hafa orðið eins og hér segir:

| | Ágúst 1970 | Marz 1971 | Ágúst 1971 | Hækkun í % Marz '71-Ág. '71 |
|---|---|---|---|---|
| Vegaviðhald | 902 | 993 | 1046 | 5.3 |
| Vegagerð | 874 | 966 | 973 | 0.7 |
| Brúargerð | 1226 | 1291 | 1349 | 4.5 |

Framangreind hækkun á vísitölu einstakra framkvæmdaliða stafar af hækkun kaupgjaldsvísitölu úr 104.21 stig í marz í 107.25 stig í ágúst. Hækkun vísitölukostnaðar við vegaviðhald er þó nokkru meiri en hækkun kaupgjaldsvísitölunnar nemur, og stafar sú hækkun af breytingu á samningum Vegagerðar ríkisins og Landssambands vörubifreiðastjóra á síðastliðnu vori. Hækkun á vísitölu brúagerðarkostnaðar stafar einnig af hækkun á efniskostnaði.

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

### 2.2.1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Fjárveiting var 250.0 m.kr.

**A. Vetrarviðhald.**

Kostnaður við vetrarviðhald á tímabilinu janúar—júní varð 31.5 m.kr., en snjóþyngsli voru ekki sérstaklega mikil. Á árinu 1970 var kostnaður af vetrarviðhaldi 34.0 m.kr. á þessu tímabili, enda var ófærð þá meiri víða um land. Kostnaður á tímabilinu október—desember varð alls 17.3 m.kr. Haustið var óvenju snjólétt á Norðausturlandi og Austfjörðum og kostnaður þar tiltölulega minni en í venjulegu árferði, en hins vegar var kostnaður við snjómokstur á Vesturlandi og Vestfjörðum mun meiri en oft áður.

Kostnaður við vetrarviðhald á árinu varð því alls 48.8 m.kr., eða 6.1% hærri en síðastliðið ár.

Farið var algjörlega eftir sjómokstursreglum, sem settar voru í desember 1967 og viðbótarreglum frá s. l. hausti.

Kostnaður við vetrarviðhald fyrir árið var áætlaður 42 m.kr. í vegáætlun með hliðsjón af því, hve fyrri hluti vetrar var snjóléttur. Hefur kostnaður því farið um 6.8 m.kr. fram úr áætlun.

Í eftirfarandi yfirliti er sýndur kostnaður við vetrarviðhald undanfarin 5 ár, og kemur þar fram, að árið 1969 hefur verið hagstæðast þessara ára, hvað vetrarviðhald snertir.

**Yfirlit um kostnað við vetrarviðhald 1967—1971.**

| Ár | Jan.—júní m.kr. | Okt.—des. m.kr. | Allt árið m.kr. | Vísitala viðhaldskostn. | Á verðl. 1971 | Hlutfallstala |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1967 | 17.8 | 10.2 | 28.0 | 571 | 51.3 | 102.1 |
| 1968 | 25.5 | 6.4 | 31.9 | 665 | 50.2 | 100.0 |
| 1969 | 18.3 | 13.4 | 31.7 | 812 | 40.8 | 81.3 |
| 1970 | 34.0 | 12.0 | 46.0 | 902 | 53.3 | 106.2 |
| 1971 | 31.5 | 17.3 | 48.8 | 1 046 | 48.8 | 97.2 |

**B. Tjón af völdum náttúruhamfara.**

Í nóvember og desember 1970 urðu miklar skemmdir á vegum á Suður- og Vesturlandi vegna flóða, og víða var ekki unnt að gera við þessar skemmdir fyrr en vorið 1971.

Brú á Deildará í Mýrdal, sem eyðilagðist í vatnavöxtum í ársbyrjun 1971, var endurbyggð á árinu (sjá nánar lið 2.5.).

Í lok desember 1971 urðu miklar skemmdir á vegum á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum vegna mikillar úrkomu og vatnavaxta. Gert var við hluta af þessum skemmdum strax, en ekki verður unnt að ljúka viðgerðunum fyrr en í vor.

Verja þurfti 4.2 m.kr. til viðgerða vegna náttúruhamfara auk kostnaðar við endurbyggingu Deildarárbrúar, sem var áætlaður á 2.6 m.kr.

Til að mæta kostnaði við viðgerðir á skemmdum vegna náttúruhamfara voru ætlaðar 2.1 m. króna af viðhaldsfé. Fer því viðhaldskostnaður 4.1 m.kr. fram úr áætlun á þessum lið.

### C. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mölun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Fyrir lán til kaupa á vegagerðarvélum, sem tekið var hjá Alþjóðabankanum jafnhliða láni til hraðbrautaframkvæmda, var m. a. keypt mulningsvélarsamstæða til vinnslu á efni í slitlag malarvega. Vélarsamstæða þessi var staðsett á Norðurlandi. Svipuð samstæða hefur verið rekin á Suður- og Vesturlandi frá 1966 með góðum árangri. Mulningsvélin, sem notuð hafði verið á Norðurlandi var flutt til Austurlands. Einnig var keypt á árinu mulningsvél af sveitarfélögum á Austurlandi, og var hún notuð við vinnslu malar á Vestfjörðum sökum þess að hún er tiltölulega auðveld í flutningi.

Á s. l. vori var veghefilstjóri sendur á námskeið í vegheflun í Svíþjóð, og í framhaldi af því sendi sænska vegagerðin hingað kennara í vegheflun, sem dvaldi hér í tvo mánuði. Hélt hann hér námskeið fyrir veghefilstjóra og vegaverkstjóra með aðstoð veghefilstjórans, sem sendur hafði verið utan. Voru námskeið þessi haldin á 5 stöðum á landinu og stóðu í 3—5 daga.

Sænska vegagerðin bar allan kostnað af för sænska kennarans hingað til lands.

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áherzla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til venjulegs viðhalds og endurbóta á vegum. Einnig var reynt eftir mætti að hafa hemil á vorskemmdum með því að auka eftirlit með öxulþunga og takmarka hann, þar sem frost var að fara úr jörðu.

### D. Skipting viðhaldskostnaðar.

Á meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar þjóðvega á árinu 1970, en samskonar skipting fyrir 1971 er enn ekki fyrir hendi. Einnig er tilgreindur fjöldi akfærra vega í hverju einstöku kjördæmi og kostnaður af viðhaldi vega á km.

**Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1970 (þús. kr.).**

| Kjördæmi | Vetrar-viðhald | Almennt viðhald | Veg-heflun | Viðhald brúa | Mölun efnis | Ryk-binding | Vatna-skaðar | Samtals | Lengd akfærra vega í km | Kostn. á km vegar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanes- ...... | 4 032 | 7 917 | 7 882 | 454 | 5 529 | 1 319 | 219 | 27 352 | 353 | 77,4 |
| Vesturlands- ..... | 4 657 | 15 606 | 7 711 | 695 | 9 631 | | 1 917 | 40 217 | 1 350 | 29,8 |
| Vestfjarða- ...... | 9 998 | 10 929 | 2 706 | 561 | 1 085 | | 1 484 | 26 763 | 1 227 | 21,8 |
| Norðurland vestra | 5 825 | 11 140 | 3 379 | 2 821 | 2 662 | | 1 679 | 27 506 | 1 048 | 26,2 |
| Norðurland eystra | 8 334 | 12 422 | 4 363 | 588 | 2 663 | 556 | 1 295 | 30 221 | 1 237 | 24,4 |
| Austurlands- .... | 12 527 | 12 681 | 4 475 | 2 894 | 2 175 | | 3 207 | 37 959 | 1 426 | 26,6 |
| Suðurlands- ..... | 2 271 | 16 416 | 7 605 | 1 425 | 2 885 | | 1 431 | 32 033 | 1 463 | 21,9 |
| Samtals | 47 644 | 87 111 | 38 121 | 9 438 | 26 630 | 1 875 | 11 232 | 222 051 | 8 104 | |

## 2.2.2. Vegamerkingar.

Fjárveiting var 1.8 m.kr., og var þeirri upphæð varið til að setja upp ný umferðarmerki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 og til viðhalds eldri merkjum.

Á árinu 1971 var lokið við að endurskoða staðsetningu allra eldri umferðarmerkja á landinu, en endurskoðun þessi var hafin við umferðarbreytingu vegna H-umferðar 1968.

Á árinu 1971 var einkum unnið við að setja upp ný merki og endurskoða eldri merki á Norðaustur- og Austurlandi.

Af einstökum flokkum vega samkvæmt vegáætlun 1969—1972 er nú lokið merkingum eins og hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Af 325 km | af akfærum hraðbrautum | eru merktir | 325 km | eða 100% |
| — 2734 — | — — þjóðbrautum | — — | 2734 — | — 100% |
| — 5045 — | — — landsbrautum | — — | 2880 — | — 57.2% |
| Af 8104 km | af akfærum þjóðvegum | eru merktir | 5939 km | eða 73.3% |

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

### 2.3.0. Lán til vegaframkvæmda.

1. *Föst lán til vegaframkvæmda.*

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1970 voru föst lán vegasjóðs í árslok 1970 talin 721.0 m.kr. (tafla I í skýrslunni).

Í sömu skýrslu var þessum lánum skipt í tvo flokka, þ. e. lán yfirtekin af ríkissjóði, sem talin voru í árslok 1970 541.3 m.kr. (tafla II), og lán greidd af vegasjóði, sem námu í árslok 1970 179.7 m.kr. (tafla III).

Í ríkisreikningi eru þau lán vegasjóðs, sem yfirtekin hafa verið af ríkissjóði, ekki lengur flokkuð eftir einstökum vegaflokkum og undir þeim lið hafa einnig verið færð lán til vegaframkvæmda, sem vegasjóður hefur ekki staðið að, eins og t. d. lán vegna lagningar Kísilvegar. Af þeim sökum voru eftirstöðvar lána vegasjóðs, sem yfirtekin hafa verið af ríkissjóði, taldar vera 599.5 m.kr. í árslok 1970 í stað 541.3 m.kr., sem tilfærðar eru í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar árið 1970. Í árslok 1971 eru eftirstöðvar sömu lána í ríkisreikningi taldar alls 619.0 m.kr.

Með heimildum í III. kafla vegáætlunar fyrir árið 1971, lögum nr. 29/1971 um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar 1971 og 6. gr. lið XLIX fjárlaga 1971 voru tekin föst lán til vegaframkvæmda á árinu, eins og sýnt er í dálki 2 í eftirfarandi yfirliti um lán greidd af vegasjóði.

Tafla I.

**Lán greidd úr vegasjóði.**
(í millj. kr.)

| | Eftirstöðvar pr. 31/12 '70 | Ný lán tekin '71 | Afborganir 1971 | Gengistap 1971 | Eftirstöðvar pr. 31/12 '71 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hraðbrautir | 133.4 | 226.3[1]) | | | 359.7 |
| Þjóðbrautir | 28.9 | 69.9[2]) | 0.4 | 2.8 | 101.2 |
| Landsbrautir | 26.3[4]) | 24.5[3]) | 1.7 | 1.3 | 50.4 |
| Samtals | 188.6 | 320.7 | 2.1 | 4.1 | 511.3 |
| Fjallvegir | | 3.0 | | | 3.0 |
| Samtals | 188.6 | 323.7 | 2.1 | 4.1 | 514.3 |
| Lán til vélakaupa | | 45.8 | | | 45.8 |
| Samtals | 188.6 | 369.5 | 2.1 | 4.1 | 560.1 |

Í ofangreindri töflu eru föst lán í árslok 1970 talin 188.6 m.kr. eða 8.9 m.kr. hærri en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1970. Þessi mismunur stafar af því, að

1) Alþjóðabankalán 142.0 millj. kr. og Seðlabankalán 84.3 millj. kr.
2) Lán samkv. Austurlandsáætlun 50.5 millj. kr. og fjögurra ára lán 19.4 millj. kr.
3) Lán samkv. Austurlandsáætlun 9.5 millj. kr. og fjögurra ára lán 15.0 millj. kr.
4) Innifalið 8.9 millj. kr. lán til Skeiða- og Þjórsárdalsvegar vegna framkvæmda fyrir Landsvirkjun, sem ekki var talið með í skýrslunni fyrir árið 1970.

vegasjóður yfirtók seint á árinu 1970 8.9 m.kr. skuldabréf af Landsvirkjun vegna greiðslu kostnaðarhluta vegasjóðs við endurbyggingu og styrkingu vega í sambandi við virkjun Þjórsár hjá Búrfelli.

Af láni því til hraðbrautaframkvæmda og vélakaupa, sem tekið var hjá Alþjóðabankanum á árinu 1970 og nam alls um 360.0 m.kr., var um s. l. áramót búið að nota til hraðbrautaframkvæmda og vélakaupa 201.2 m.kr. Lán hjá Seðlabankanum að upphæð 84.3 m.kr. er hluti af 200.00 m.kr. erlendu láni, sem tekið var í ársbyrjun 1971 til hraðbrautaframkvæmda samkvæmt heimild í 6. gr. XLIX lið fjárlaga 1971, en 120.0 m.kr. af því láni komu til greiðslu sem bráðabirgðalán á árinu 1970 sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1970. Lán þetta varð í raun til hraðbrauta 204.3 m.kr. og eru því 84.3 m.kr. taldar innkomnar á árinu 1971.

Lán til þjóðbrauta og landsbrauta eru annars vegar 60.0 m.kr. lán til Austfjarðaáætlunar, og er það erlent lán, sem tekið var í ársbyrjun 1971. Önnur föst lán til þjóðbrauta og landsbrauta eru fjögurra ára lán að upphæð 34.4 m.kr., sem tekin voru samkvæmt heimild í III. kafla vegáætlunar, lið 2, 1971.

Lán til fjallvega er vegna brúar á Syðri-Ófæru á Fjallabaksvegi, og var það tekið samkvæmt heimild í III. kafla vegáætlunar 1971, lið 3.1.

Lán til vélakaupa, að upphæð 45.8 m.kr., er hluti af láni frá Alþjóðabankanum frá 1970, og um ráðstöfun þess vísast til greinargerðar undir lið 2.8.

Um framkvæmdir í einstökum vegaflokkum fyrir ofangreind lán vísast til greinargerða undir lið 2.3.1., 2.3.2. og 2.3.3.

## 2. *Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.*

Á árinu var að mestu fylgt sömu reglu og undanfarin ár að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár.

Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda í árslok 1970 og 1971 voru eins og hér segir:

| | Árslok 1970 þús. kr. | Árslok 1971 þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. Hraðbrautir | 12 256 | 0 |
| 2. Þjóðbrautir | 2 752 | 3 735 |
| 3. Landsbrautir | 9 694 | 11 192 |
| 4. Sýslu- og fjallvegir | 300 | 1 200 |
| Samtals | 25 002 | 16 127 |
| 5. Viðhald þjóðvega | 0 | 1 380 |
| Samtals | 25 002 | 17 507 |

Bráðabirgðalán í árslok 1971 eru nokkru lægri en í árslok 1970, og munar þar mest um, að engin bráðabirgðalán hafa verið tekin á árinu 1971 vegna hraðbrautaframkvæmda.

Þá var á árinu í fyrsta sinn tekið við bráðabirgðaláni til viðhalds þjóðvega. Lán þetta var boðið fram af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til aukins viðhalds þjóðvega innan sýslunnar. Lýsir þetta betur en langar skýrslur, hve knappar fjárveitingar til vegaviðhaldsins eru. Lán þetta er til eins árs, og skal því endurgreiðast af viðhaldsfé þjóðvega á árinu 1972.

Skipting bráðabirgðalána til einstakra vegaflokka er nánar tilgreind í greinargerð um framkvæmdir í einstökum vegum.

### 2.3.1. Til hraðbrauta.

1. Reykjanesbraut (A2):

a. Reykjanesbraut frá Engidal til Keflavíkur.

Engar framkvæmdir hafa verið við þennan veg á árinu, en fjárveiting 6.8 millj. kr. rann til greiðslu vaxta og afborgana af lánum þeim, sem ríkissjóður yfirtók.

Greiðslur fyrir efnistöku og landspjöll urðu 2.8 millj. kr. á árinu, og var varið til þess sérstakri fjárveitingu úr ríkissjóði. Greiðslum vegna efnistöku mun nú lokið. Hins vegar stendur enn yfir málarekstur vegna greiðslu fyrir land undir veginn.

Umferð um gjaldstöðina hjá Straumi jókst um 19.5% á árinu miðað við fyrra ár, og urðu brúttótekjur 20.5 millj. kr. Innheimtukostnaður varð 2.9 millj. kr., og styrkgreiðslur vegna rekstrar skólabifreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi urðu 1.1 millj. kr., þar af tæpar 600 þús. kr. vegna ársins 1970, en styrkur þessi hefur numið 500—600 þús. kr. á ári. Samningi þessum var sagt upp hinn 23. júlí 1971, og tók uppsögn gildi um s. l. áramót. Síðar var fallizt á að fresta gildistöku uppsagnar til 1. marz 1972, en þá hefst nýtt sérleyfistímabil fólksflutninga. Nettótekjur af umferðargjaldinu urðu því 16.5 millj. kr. eða nokkru meiri en áætlað var, og rann sú fjárhæð til greiðslu vaxta og afborgana af lánum þeim, sem ríkissjóður yfirtók. Yfirlit yfir innheimtu veggjalds frá 1965—1971 er sýnt á fskj. 2.3.1—1.

b. Reykjanesbraut í Breiðholti.

Engin fjárveiting var til þessa vegar, og ríkissjóður hefur yfirtekið greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum.

2. **Vesturlandsvegur (B1):**

1. Miklabraut—Rofabær (áfangi 1A):

Fjárveiting var 25 m.kr. og gekk að mestu til greiðslu afborgana og vaxta af láni. Gengið var frá vegfláum og næsta nágrenni vegar og lýsing sett upp. Framkvæmdum við kafla þennan er nú lokið, nema hvað enn er bráðabirgðalýsing á hluta hans.

2. Rofabær—Höfðabakki (áfangi 1B):

Fjárveiting var 10.0 m.kr. og gekk til greiðslu afborgana og vaxta af láni. Framkvæmdum er lokið.

4. Um Skeiðhól:

Fjárveiting var 0.9 m.kr. Framkvæmdum lauk á árinu 1970 og var þessi fjárveiting notuð þá, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1970.

7. Um Brynjudalsá:

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Fé þessu hefur ekki verið ráðstafað enn, þar sem lega og þó einkum gerð og gæði vegar um Brynjudalsá eru háð niðurstöðum athugana Hvalfjarðarnefndar og bíður þeirra.

8. Til rannsókna á Hvalfirði og Borgarfirði skv. þingsályktunartillögu.

Gerð er grein fyrir þessum rannsóknum undir lið 2.3.7.

4. **Norðfjarðarvegur (F26):**

1. Um Egilsstaðakauptún:

Fjárveiting var 2.6 m.kr. Hafin var lagning vegarins og hann undirbyggður að mestu á um 0.5 km og tekinn í notkun til bráðabirgða. Auk þess gengið að mestu frá nauðsynlegum færslum og endurnýjunum ýmissa lagna (vatns, síma og rafmagns) á öllum kaflanum. Kostnaður varð um 3.1 m.kr.

5. **Suðurlandsvegur (G1):**

2. Lækjarbotnar—Reykjarfell (áfangar 2, 3 og 4):

Lokið var við lögn slitlags á þennan vegarkafla, en því var að mestu lokið 1970. Var allur kaflinn tekinn í notkun 22. júlí s. l. Vegarkaflinn er 14.2 km með 7.5 m breiðri akbraut úr olíumöl og 1.5 m breiðum öxlum.

Frágangi kanta og fláa, svo og sáningu var lokið að mestu leyti á árinu. Kostnaður á árinu varð um 4.9 m.kr.

6. **Verkfræðilegur undirbúningur:**

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Var í vegáætlun ákveðið sérstaklega, að undirbúa skyldi framkvæmdir við Grindavíkurveg og Garðskagaveg, þó að ekki teljist þeir til hraðbrauta. Þetta var gert á árinu:

1. Vesturlandsvegur:

Unnið var að frumáætlun á Kjalarnesi frá Mógilsá upp undir Tíðaskarð. Valdar hafa verið úr 2 veglínur, önnur fylgir í meginatriðum núverandi vegi eftir að Kollafirði sleppir, hin liggur að mestu með fjallsrótum Esju. Línur þessar hafa verið sendar skipulagi ríkisins og hreppsnefnd Kjalarneshrepps til umsagnar. Til frekari undirbúnings kortagerðar voru teknar loftmyndir af svæðinu frá Hvalfirði að norðan og upp fyrir Eskiholt í Borgarfirði, og er þá undirbúningi kortagerðar af svæðinu frá Eyri í Kjós og upp fyrir Eskiholt að mestu lokið. Kort var teiknað af svæðinu yfir Borgarfjörð um Borgarnes, eins og síðar greinir (2.3.7.).

Jarðvegskönnun var haldið áfram, þar sem frá var horfið utan Ferstiklu árið áður og haldið að Laxá í Leirársveit, og síðan aftur frá Seleyri um Hvanneyrarmýri og norðan Borgarfjarðar.

2. Suðurlandsvegur:

Settir voru upp fastpunktar með Suðurlandsvegi frá Selfossi og austur að Landvegamótum. Síðan voru loftmyndir teknar af vegstæði. Er því þessi kafli nær tilbúinn til kortlagningar, ef á þarf að halda.

3. Norðurlandsvegur um Akureyri:

Lokið var kortlagningu svæðisins frá vegamótum Ólafsfjarðarvegar á Moldhaugnahálsi og inn fyrir Akureyri, fjarðarbotninn, út með firðinum að Svalbarðseyri að austan og upp í Steinsskarð á Vaðlaheiði.

Gerð var gróf jarðvegskönnun norðan Akureyrar að vegamótum Ólafsfjarðarvegar og einnig á leirunum í botni Eyjafjarðar. Gerð hefur verið athugun á legu nýs Norðurlandsvegar norðan Akureyrar og í framhaldi af því er að hefjast gerð frumáætlunar.

Á leirunum í botni Eyjafjarðar hefur einnig verið gerð fyrir Vaðlaheiðarnefnd athugun á nýrri legu vegarins bæði norðan flugvallar og sunnan og jafnframt gerð ágizkun um kostnað.

4. Reykjanesbraut um Miðnesheiði:

Gerðar voru í sumar og haust nauðsynlegar mælingar og athuganir fyrir lokahönnun, sem síðan hefur verið unnið að og lýkur senn.

5. Garðskagavegur:

Gerðar voru nauðsynlegar mælingar og lokahönnun á 1.5 km kafla gegnum þéttbýli Gerða. Þessi kafli var síðan undirbyggður í haust (sjá greinargerð um þjóðbrautir) og verið er að semja við Olíumöl h.f. um lögn slitlags á þennan kafla að vori.

6. Grindavíkurvegur:

Undirbúningur fyrir gerð lokahönnunar er í gangi, en sökum óhagstæðs tíðarfars til mælinga í haust og vetur hefur mælingavinna ekki gengið sem skyldi og hönnun því skammt á veg komin. Við eðlilegar aðstæður má þó búast við, að hönnun geti verið lokið í maí n. k.

7. Norðurlandsvegur sunnan Akureyrar:

1. Flugvallarafleggjari—Höfnersbryggja (áfangi 1):

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda var jarðvinna við kafla þennan boðin út í júlí og samið við eina bjóðandann, Norðurverk h.f. í október s. l. Samningsupphæð var 13.5 m.kr. og skal verkinu lokið 30. júní 1972. Heita má, að framkvæmdir séu enn ekki hafnar. Til viðbótar samningsfjárhæð kemur kostnaður við eftirlit, færslu lagna og svo að sjálfsögðu kostnaður við gerð slitlags. Hluti vegarkaflans er á þykkum og lausum setlögum Eyjafjarðarár, og búizt er við, að hann sígi eitthvað. Slitlag verður því ekki lagt á kaflann fyrr en sig er hætt eða orðið svo hægt og lítið, að ekki verði talið til verulegs óhagræðis.

8. Framkvæmdir fyrir lán frá Alþjóðabankanum:

1. Vesturlandsvegur:

1. Höfðabakki—Úlfarsá (Korpa) (áfangi VV2):

Framkvæmdum við þennan kafla var haldið áfram samkv. verksamningi frá 1970, og lauk þeim að mestu í nóvember. Fyrstu hlutar hans voru teknir í notkun 30. október og kaflinn allur 13. nóvember. Vegarkaflinn er 3.0 km með 7.5 m breiðri steyptri akbraut og 3.0 m breiðum öxlum og innifalin í framkvæmdum var bygging 14 m langrar steyptrar bitabrúar á Úlfarsá. Ýmsum frágangi er enn ólokið og bíður næsta sumars. Verkið er unnið af Aðalbraut s.f. og var samningsupphæð 58.5 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað, bæði hvað viðkemur framkvæmdum, eftirliti með framkvæmdum og kostnaði vegna vegstæðis (þ. e. kaup á landi og húsum á vegstæðinu, færslu girðinga og færslu og tryggingu vatnslagna, síma og raflína) er að finna á fylgiskjali 2.3.1.—2. Þar er einnig gerð grein fyrir áætluðum hækkunum og lokakostnaði.

2. Úlfarsá (Korpa)—Þingvallavegur (áfangi VV3):

Vegarkafli þessi var boðinn út í árslok 1970 og samningur gerður við lægstbjóðanda, Þórisós s.f., hinn 30. apríl s. l. og var upphæð samnings 74.7 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.—2. Hluti af kafla þessum hefur verið tekinn í notkun til bráðabirgða. Kafli þessi og aðrir kaflar, sem gerð er grein fyrir hér á eftir og byggðir eru fyrir lán frá Alþjóðabankanum, eiga að vera tilbúnir til notkunar í lok október n. k. og framkvæmdum á að vera að fullu lokið sumarið 1973.

3. Þingvallavegur—Mógilsá (áfangi VV4):

Vegarkafli þessi var boðinn út í árslok 1970 og samningur gerður við lægstbjóðanda, Þórisós s.f., hinn 30. apríl s. l. og var upphæð samnings 87.3 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.—2.

2. Suðurlandsvegur:

1. Rauðavatn—Lækjarbotnar (áfangi SV1):

Vegarkafli þessi var boðinn út í árslok 1970 og samningur gerður við lægstbjóðanda, Ístak s.f., hinn 30. apríl s. l., og var upphæð samnings 110.4 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.—2. Malbiksslitlag var lagt á vestustu 2.5 km vegarkaflans og þeir teknir í notkun.

2. Reykjarfell—Hellisheiði (áfangi SV5):

Vegarkafli þessi var boðinn út í árslok 1970 og samningur gerður við lægstbjóðanda, Ístak s.f., hinn 30. apríl s. l., og var upphæð samnings 44.1 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.—2.

3. Hellisheiði—Neðstu Kambar (áfangi SV6):

Vegarkafli þessi var boðinn út í árslok 1970 og samningur gerður við lægstbjóðanda, Ístak s.f., hinn 30. apríl s. l., og var upphæð samnings 62.1 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.—2.

4. Neðstu Kambar—Bakkarholtsá (áfangi SV7):

Framkvæmdum við kafla þennan var haldið áfram samkv. verksamningi frá 1970 og lauk þeim að mestu í okt. s. l. Meiri hluti kaflans var tekinn í notkun í september, en vestustu 600 m hans í október. Vegarkaflinn er 6.7 km langur með 7.3 m breiðri akbraut úr olíumöl og 1.5 m breiðum öxlum. Vestasti hluti kaflans er þó breiðari, eftir að brekkan upp Kamba hefst, en þar er bætt 3.5 m breiðri aukaakrein, sem ætluð er þungum bílum, svo að þeir trufli ekki eðlilegan akstur minni og léttari bíla. Innifalin í framkvæmdum var bygging 8.0 m langrar steyptrar rammabrúar á Varmá austan Hveragerðis. Ýmsum frágangi er enn ólokið og bíður næsta sumars. Verkið er unnið af Þórisósi s.f. og var boðið út með áfanga SV8. Gerð er grein fyrir kostnaði við báða kaflana í fylgiskjali 2.3.1.—2. undir áfanga SV7+8.

5. Bakkarholtsá—Selfoss (áfangi SV8):

Framkvæmdum við þennan kafla var haldið áfram, og voru austustu 2.2 km hans teknir í notkun með olíumalarslitlagi, en hinir hlutar hans eru í notkun með malarslitlagi, þar sem þeir liggja á djúpri mýri og talið að enn megi vænta verulegs sigs. Verkið er unnið af Þórisósi s.f., og var samningsupphæð fyrir áfanga SV7 og áfanga SV8 saman 57.6 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.—2. Rétt þykir að geta þess, að verktakanum var falin afrétting vegna sigs, sem ekki var inni í tilboði, þar sem Vegagerð ríkisins ætlaði að annast þær framkvæmdir, og nemur hækkun kostnaðar vegna þessa viðbótarverks um 7.5 m.kr.

### 2.3.2. Til þjóðbrauta.

(Töluliðir samkvæmt vegáætlun fyrir 1971).

1. **Grindavíkurvegur (A 5):**

2 og 2a. Ofan Grindavíkur:

Fjárveiting var 960 þús. kr. Fullgerður var 1.9 km kafli, sem byrjað var á 1970, frá Grindavík að Þorbirni.

2. **Garðskagavegur (A 7):**

1 og 1a. Keflavík—Garður:

Fjárveiting var 1.57 m.kr. og geymt frá fyrra ári 530 þús. kr. Unnið var á þeim kafla vegarins, sem liggur í gegnum Garð, og er hann nú tilbúinn undir olíumöl, um 1.5 km.

3. **Vesturlandsvegur (B 1):**

4 og 4a. Um Haukadalsá:

Fjárveiting var 3.03 m.kr. Tekinn var í notkun 2.4 km kafli um Haukadalsá. Frágangi er ekki lokið.

6 og 6a. Fellsendi—Nesoddi:

Fjárveiting var 1.17 m.kr. Tekinn var í notkun 1.0 km kafli um Fellsenda. Eftir er að setja slitlag á kaflann.

12. Í Þorskafirði, Kinnarstaðir—Kollabúðir:

Fjárveiting var 1.76 m.kr. Undirbyggður var 3.4 km kafli milli Kinnarstaða og Kollabúða, en þó vantar öll ræsi.

4. **Stykkishólmsvegur (B 26):**

1 og 1a. Um Borg á Mýrum:

Fjárveiting var 2.43 m.kr. Tekinn var í notkun 1.5 km kafli um Borg, en frágangi er ekki lokið.

2. Um Grundarlæk:

Fjárveiting var 530 þús. kr. Fullgerður var 300 m kafli um nýtt ræsi á Grundarlæk.

3. Skjálg—Kolbeinsstaðir:

Fjárveiting var 110 þús. kr. Grafnir voru skurðir á 3.0 km kafla.

4a. Um Síkisá:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Byggt var steypt ræsi á Síkisá og fullgerður 0.7 km kafli.

5. **Ólafsvíkurvegur (B 36):**

1. Rif—Enni:

Fjárveiting var 560 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu frá Rifi að Laxá á Breið og gert fært að brúarstæði.

2a. Fróðárheiði:

Fjárveiting var 900 þús. kr. Lagfærðir voru þrír snjóastaðir á Fróðárheiði, og var sú endurbygging 0.7 km löng.

7. **Vestfjarðavegur (C 1):**

1, 1a og 1b. Sunnan Þingmannaheiðar:

Fjárveiting 1.54 m.kr. Til greiðslu vaxta og afborgana fóru 720 þús. kr. Gengið var frá kaflanum frá Eiði að Fossá. Föst lán í árslok 1971 voru 12.843 þús. kr.

2, 2a og 2b. Gemlufallsheiði:

Fjárveiting var 2.42 m.kr. Skuld frá fyrra ári 900 þús. kr. Til greiðslu vaxta og afborgana fóru 619 þús. kr. Sáð var í 3.5 km kafla, en eftir er að sá í 3.0 km. Föst lán í árslok 1971 voru 12.931 þús. kr.

3 og 3a. Breiðadalsheiði:

Fjárveiting var 1.92 m.kr. Eftirstöðvar lánsfjárv. frá fyrra ári 2.213 þús. kr. Til greiðslu vaxta og afborgana fóru 378 þús. kr. Lokið var við að bera slitlag í 1.0 km kafla á Breiðadalsheiði, einnig var undirbyggður 2.3 km kafli í Dagverðardal. Föst lán í árslok 1971 voru 5.54 m.kr.

8. **Barðastrandarvegur (C 7):**

1. Kleifaheiði:

Fjárveiting var 1.93 m.kr. Lokið var við að bera slitlag í 2.1 km kafla og einnig var fullgerður 0.4 km um Kleifabúa.

2a. Í Vatnsfirði:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Undirbyggður var að mestu 1.0 km kafli milli Gíslalæks og Þverár.

9. **Strandavegur (C 28):**

4. Hrófártún—Víðidalsá:

Fjárveiting var 2.11 m.kr. og bráðabirgðalán 300 þús. kr. út á vegáætlun 1972. Fullgerður var og tekinn í notkun 2.1 km kafli frá Víðidalsá að Hrófárvaðli.

5a. Um Gvendarflóa:

Fjárveiting var 1.4 m.kr. Tekinn var í notkun 1.5 km kafli um Gvendarflóa, en eftir er að ganga frá kaflanum.

11. **Siglufjarðarvegur (D 33):**

1a. Hegranes—Höfði:

Fjárveiting var 450 þús. kr. Þrír snjóþungir staðir voru lagfærðir.

3. Um Haganesvík:

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Þar af fóru 1.2 m.kr. til brúargerðar á Lambanesá. Afgangur af fjárv. var geymdur til næsta árs.

4. Ketilás—Lambanesás:

Fjárveiting var 2.35 m.kr. Tekinn var í notkun 1.1 km kafli við Ketilás, sem eftir er að ganga frá.

5. Um Lambanesá:

Fjárveiting var 1.88 m.kr. Tekinn var í notkun 1.0 km kafli, sem á eftir að ganga frá, við nýja brú á Lambanesá.

6a. Hurðir í jarðgöng:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Settar voru upp hurðir í báðum munnum jarðganga. Hurðir eru knúðar með rafmagni og sjálfvirkum opnunarútbúnaði. Einnig er unnt að opna þær með handafli. Ljósaútbúnaður við gangamunna var endurbættur og einnig aðstaða til að halda hita í jarðgöngum yfir frostmarki. Kostnaður fór nokkuð fram úr áætlun vegna erfiðleika við uppsetningu, þar sem halda varð göngunum opnum fyrir umferð.

12. **Norðurlandsvegur (E 1):**

5. Um Sporðshús:

Fjárveiting var 530 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.5 km kafli, sem eftir er að ganga frá, við nýja brú yfir Reyðarlæk.

7. Um Langadal:

Fjárveiting var 2.35 m.kr. og lán 10.0 m.kr. samkv. III. 2.3. Tekinn var í notkun 7.3 km kafli, sem á eftir að ganga frá að mestu.

10. Um Djúpadalsá:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 571 þús. kr. Mölborinn var nyrðri hluti nýbyggingar frá fyrra ári.

12a. Á Öxnadalsheiði:

Fjárveiting var 450 þús. kr. Ómölborin undirbygging frá fyrra ári var hækkuð á um 1.0 km kafla norðan Sesseljubúðar.

13. Um Fnjóská:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 190 þús. kr. Lagfærð var tenging við Fnjóskadalsveg eystri.

13a. Lagfæringar:

Fjárveiting var 210 þús. kr. Lagfærður var 0.1 km kafli um Vindheimagil.

13b. Til rannsókna í Eyjafirði og Vaðlaheiði:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Framkvæmdar voru jarðvegskannanir og ýmsar mælingar á leirum fyrir botni Eyjafjarðar. Forverk hf. gerði loftmyndakort af leirum og vesturhlíðum Vaðlaheiðar. Veglínur, sem mældar höfðu verið um Víkurskarð og Steinsskarð, voru tengdar inn á fyrrnefnd kort.

14 og 14a. Kárhóll—Reykjadalsá:

Fjárveiting var 2.12 m.kr. 50 þús. kr. fóru til Skíðahótelsvegar á Glerárdal samkv. bréfi alþingismanna frá 17/5 '69. Geymt frá fyrra ári 576 þús. kr. Lokið var að mestu við 4.0 km langa undirbyggingu, sem þó á eftir að ganga frá á milli Kárhóls og Reykjadalsár.

15a. Stangarvegur—Helluvað:

Fjárveiting var 350 þús. kr. Endurbyggður var 0.8 km kafli austan vegamóta Stangarvegar.

16. Norðan Mývatns:

Nokkrar endurbætur voru gerðar á Hofstaðaheiði.

13. Ólafsfjarðarvegur (E 2):

1. Reistará—Hagaás:

Fjárveiting var 2.04 m.kr. og 6.0 m.kr. samkvæmt III. 2.4. Af fjárveitingu var 250 þús. kr. varið til Skíðahótelsvegar á Glerárdal samkv. bréfi alþingismanna frá 17/5 '69. Boðinn var út 6.5 km kafli frá Hjalteyrarvegi að Syðri-Haga. Norðurverk hf. var með lægsta tilboð og fékk verkið. Samkvæmt útboðsgögnum á ekki að skila verkinu fyrr en 1. ágúst 1972, en framkvæmdir hófust í ágúst 1971 og standa yfir. Í útboði er gert að skilyrði, að verktaki láni helming kostnaðar til allt að 4 ára. Auk þess voru grafnir 6 km langir skurðir og greiddar landbætur.

2. Brimnesá—Karlsá:

Fjárveiting var 1.18 m.kr. Fullbyggður var 0.5 km kafli og undirbyggingu lokið á 0.5 km kafla.

3. Um Ólafsfjarðarmúla:

Fjárveiting var 2.6 m.kr. og fór til greiðslu skuldar við Þrengslaveg.

14. Kinnarvegur (E 21):

1. Halldórsstaðir—Fellssel:

Fjárveiting var 1.59 m.kr. Tekinn var í notkun 0.7 km kafli, sem ekki er frágenginn, og undirbyggður að hálfu 0.2 km kafli.

2. Um Ófeigsstaði:

Fjárveiting var 350 þús. kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1970.

3. Um Húsabakka:

Fjárveiting var 1.4 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán 383 þús. kr. frá 1970. Norðan við Húsabakka var vegurinn hækkaður og breikkaður á 0.9 km kafla, sem eftir er að ganga frá.

15. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**

1. Norðan Vestmannsvatns:

Fjárveiting var engin, en 1.0 m.kr. bráðabirgðalán var tekið út á vegáætlun 1972. Fullgerður var 1.1 km kafli við Helgastaði, en frágangi er ekki lokið.

6. Um Köldukvísl:

Fjárveiting var 1.41 m.kr. Brýr á Köldukvísl og Reyðará voru tengdar vegakerfinu með bráðabirgðatengingu og 0.6 km kafli hjá Héðinshöfða var undirbyggður. Einnig var grafið meðfram vegstæðinu frá Bakka að Héðinshöfða og frá Eyvík að Tunguá.

8. Lindarbrekka—Hóll:

Fjárveiting var 1.06 m.kr. Fullgerður var 0.3 km kafli hjá Hóli og styrktur vegurinn milli Lindarbrekku og Hóls.

8a. Kelduhverfi—Raufarhöfn:

Fjárveiting var 770 þús. kr. Lagfærð var gömul undirbygging hjá Ásbyrgi, sem umferð hefur verið hleypt á. Einnig var lagfærður 0.2 km langur kafli hjá Ásmundarstöðum á Sléttu og byrjað á 0.3 km langri nýbyggingu norðan Raufarhafnar.

9. Kópasker—Klifshagi:

Fjárveiting var 590 þús. kr. Endurbyggður var 0.5 km kafli hjá Klifshaga.

12a. Kollavík—Sævarland:

Fjárveiting var 100 þús. kr. Grafnir voru 0.5 km langir skurðir.

13. Um Svalbarð:

Fjárveiting var 2.46 m.kr. Undirbyggður og mölborinn var til bráðabirgða 3.0 km kafli við Svalbarð, sem eftir er að ganga frá.

16. **Austurlandsvegur (F 1):**

1a. Grímsstaðir—Gilsá:

Fjárveiting var engin, en lán samkv. III. 2.5 (Austurlandsáætlun) 1.0 m.kr. Unnið var að frágangi við veg á Arnórsstaðamúla, sem lagður var 1970. Framkvæmdum var ekki að fullu lokið.

2a. Gilsá—Garðá á Jökuldal:

Fjárveiting var engin, en lán samkv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 9.0 m.kr. Boðinn var út 8.3 km kafli, og var Ræktunarsamband Austurlands með lægsta tilboð og fékk verkið. Framkvæmdum var að mestu lokið, en jöfnunarlag vantar að hluta og frágangi var ekki lokið.

4a. Í Skriðdal:

Fjárveiting var 600 þús. kr. og 200 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1972. Lokið var að mestu við 2.9 km kafla á milli Eyrarteigsár og Jóku, sem undirbyggður var 1970.

5a. Heydalir—Ós:

Fjárveiting var engin, en lán skv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 3.3 m.kr. Lagður var 5.2 km kafli um Heydali og Eyjar og auk þess undirbyggður 0.6 km kafli við Eyjaá. Nýjar brýr vantar á Skammadalsá og Eyjaá.

6. Ós—Starmýri:

Fjárveiting var 4.82 m.kr. og geymt frá fyrra ári 688 þús. kr. Lokið var við frágang á vegarkafla hjá Kelduskógum, sem að mestu var lagður 1970, og auk þess lagður 4.3 km kafli í Hamarsfirði innan við Djúpavog.

6a. Streitishvarf—Fagrihvammur:

Fjárveiting var engin, en lán skv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 11.5 m.kr. Boðinn var út 6.7 km kafli milli Fagrahvamms og Fossgerðis og 1.0 km kafli um Streitishvarf. Norðurverk hf. var með lægsta tilboð og fékk verkið. Framkvæmdum var að mestu lokið, en jöfnunarlag vantar og frágangi var ekki lokið.

6b. Fossárvík—Hvítá:

Fjárveiting var engin, en lán skv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 4.9 m.kr. Lokið var við 3.1 km kafla frá Fossárvík að Hvítá.

7a. Í Lóni:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Gengið var frá vegarkafla um Svínhóla, sem byggður var 1970.

17. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):**

1a. Í Bakkafirði:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Undirbyggður var 0.6 km kafli á Saurbæjarhálsi.

2. Í Vopnafirði:

Fjárveiting var 690 þús. kr. og geymt frá fyrra ári 317 þús. kr. Lokið var við 0.8 km kafla hjá Krossavík og steypt ræsi á Ytri-Rauðá.

4. Í Hlíð:

Fjárveiting var 1.76 m.kr. Bráðabirgðalán 400 þús. kr. út á væntanlega vegáætlun fyrir 1972—75. Lokið var að mestu við 4.0 km kafla frá Fossá og út fyrir Surtsstaði.

18. **Norðfjarðarvegur (F 26):**

1. Egilsstaðir—Eskifjörður:

Fjárveiting var 2.23 m.kr. og lán skv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 5.0 m.kr. Lokið var við 1.5 km kafla í Græfum, sem undirbyggður var 1970, og auk þess var lokið við 3.6 km kafla frá Köldukvísl að Skógargirðingu.

Einnig var unnið á leiðinni Reyðarfjörður—Eskifjörður í Björgum og tekinn í notkun 0.3 km kafli, en ófullgerður.

2. Um Oddsskarð:

Fjárveiting var 2.94 m.kr. Byggður var 1.3 km kafli í Skuggahlíðarbrekku og 0.4 km kafli við bæjarmörk Neskaupstaðar.

19. **Suðurfjarðavegur (F 31):**

1a. Gripaldi—Þernunes:

Fjárveiting var engin, en lán samkv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 1.2 m.kr. Undirbyggður var og tekinn í notkun 3.5 km kafli um Berunes og út að Þernunesi.

2. Í Stöðvarfirði:

Fjárveiting var 1.88 m.kr. og lán samkv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 5.0 m.kr. Fullgerður var að mestu 3.4 km kafli um Stöðvarfjarðarþorp og út að Löndum.

2a. Um Fellsá:

Fjárveiting var engin, en lán samkv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 400 þús. kr. Byggður var 0.5 km kafli utan Fellsár í Breiðdal.

20. **Suðurlandsvegur (G 1):**

6. Holtsá—Þorvaldseyri:

Fjárveiting var 760 þús. kr. Fullgerður var um 1.1 km kafli neðan við Varmahlíð.

7. Við Svaðbælisá:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Lagður var 0.5 km kafli, sem tengir nýju brúna á Svaðbælisá við gamla veginn. Frekari frágangur er eftir.

8. Við Bakkakotsá:

Fjárveiting var 260 þús. kr. Vegurinn beggja vegna nýju brúarinnar á Bakkakotsá var hækkaður á 0.6 km kafla.

9. Við Kaldaklifsá:

Fjárveiting var 2.1 m.kr. Lagður var og tekinn í notkun nýr vegur, 3.1 km langur, frá Kaldaklifsá og austur fyrir Drangshlíð. Frágangur er þó eftir að nokkru leyti. Þá var vegurinn vestan við Kaldaklifsá hækkaður nokkuð á 300 m kafla.

10 og 10a. Í Mýrdal:

Fjárveiting var 1.18 m.kr. Lagður var og tekinn í notkun 0.3 km kafli í Skarphól. Eftir er þó að hækka þennan kafla nokkuð, og einnig er allur frágangur eftir. Lokið var við frágang í Gatnabrún.

21. **Þingvallavegur (G 3):**

1. Í Þjóðgarði:

Fjárveiting var 400 þús. kr. og lán samkv. III. 2. 6. 2.5 millj. kr. Fullgerður var 1.6 km kafli milli Flosagjár og Háugjár, sem kemur í stað vegarins um Efrivelli og brúar yfir Flosagjá.

22. **Biskupstungnabraut (G 9):**

1. Við Kerið:

Fjárveiting var 2.95 m.kr. Lagður var og tekinn í notkun 2.2 km kafli við Kerið. Frágangur er eftir á hluta kaflans, og einnig er eftir að sá í vegfláa með öllum kaflanum.

1a. Undir Ingólfsfjalli:

Fjárveiting var 100 þús. kr. Grafnir voru skurðir með væntanlegri veglínu austan við gömlu álmuna að Selfossi.

23. **Skeiðavegur (G 23):**

2. Suðurlandsvegur—vegamót v/Reyki:

Fjárveiting var 620 þús. kr. og auk þess fjárveiting til Þjórsárdalsvegar 3.13 m.kr. Til greiðslu vaxta af láni Landsvirkjunar 1.804 þús. kr. og til greiðslu skuldar við Landsvirkjun 1.09 m.kr., afborgun 1.111 þús. kr. Föst lán í árslok 1971 voru 7.778 þús. kr. og auk þess skuld við Landsvirkjun 1.09 m.kr. (Sjá Til landsbrauta, 116. Þjórsárdalsvegur (G 31)).

Alls voru undirbyggðir 95.9 km og lagt slitlag og burðarlag á 81.2 km af þjóðbrautum á árinu, en yfirlit um framkvæmdir samkvæmt vegáætlun 1971 er sýnt á fylgiskjali 2.3.2.—1.

### 2.3.3. Til landsbrauta.

(Töluliðir samkvæmt vegáætlun fyrir 1971).

1. **Nesvegur (A 6):**

1. **Flugvöllur—Reykjanesv.:**

Fjárveiting var 2.28 m.kr. Geymt var frá fyrra ári 1.01 m.kr. og bráðabirgðalán 1.0 m.kr. út á vegáætlun 1972. Fullgerður var 4.4 km kafli af veginum.

3. **Kjósarskarðsvegur (A 15):**

1. Vesturlandsvegur—Laxá:

Fjárveiting var 350 þús. kr. Unnið var við lagfæringu á veginum, en hluta af framkvæmdum frestað til næsta árs.

4. **Dragavegur (B 2):**

2a. Um Geldingadraga:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Undirbyggður var 1.8 km kafli um Geldingadraga, þar af var ekið burðarlagi í 0.5 km. Ekki var hægt að ljúka framkvæmdum vegna bleytu.

9. **Skorradalsvegur (B 9):**

Fjárveiting var 1.06 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.7 km kafli vestan Fitja.

10. **Borgarfjarðarbraut (B 11):**

1. Um Norðurá hjá Haugum:

Fjárveiting var 2.69 m.kr. Grafnir voru skurðir og lokið við sprengingar, en öðrum framkvæmdum frestað.

11a. **Flókadalsvegur (Brúsholt—Skógar) (B 14):**

Fjárveiting var 170 þús. kr. Undirbyggður var að mestu 1.8 km kafli um Brúsholt.

12. **Hálsasveitarvegur (B 17):**

2 og 2a. Hringsgil—Húsafell:

Fjárveiting var 1.88 m.kr. Greitt bráðabirgðalán 551 þús. kr. frá 1970. Lokið var yfirbyggingu á 2.8 km kafla, þar af voru undirbyggðir 0.7 km.

13. **Hvítársíðuvegur (B 18):**

1. Um Hvítá hjá Bjarnastöðum:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 522 þús. kr. Bráðabirgðalán 460 þús. kr. var tekið út á vegáætlun 1972. Lokið var við 0.6 km kafla um nýja brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum.

14. **Þverárhlíðarvegur (B 19):**

1. Um Örnólfsdalsá:

Fjárveiting var 560 þús. kr. Fór til greiðslu á skuld.

15. **Norðurárdalsvegur (B 22):**

2 og 2a. Hafþórsstaðir—Skarðshamrar:

Fjárveiting var 2.18 m.kr. Lokið var framkvæmdum á 4.0 km löngum kafla milli Hafþórsstaða og Skarðshamra, og er þá akfært á milli Króks og Glitstaða.

18. **Heydalsvegur (B 33):**

Fjárveiting var 2.0 m.kr., 6.0 m.kr. lán samkv. III. 2.1. og bráðabirgðalán 500 þús. kr. út á vegáætlun 1972. Greidd skuld 1.124 þús. kr. frá 1970. Lokið var við að undirbyggja 8.0 km milli Svínafossár og Oddastaðaár, einnig var ekið burðarlagi að mestu leyti í kaflann. Eftir er að ganga frá og bera slitlag í fyrr-

nefndan kafla. Með þessari framkvæmd er Heydalsvegur orðinn akfær og var vegurinn opnaður fyrir umferð s. l. haust.

19. **Útnesvegur (B 40):**

1 og 1a. Um Gufuskálamóðu:

Fjárveiting var 2.2 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 4.6 km kafli um Gufuskálamóðu. Einnig voru nokkrir snjóastaðir lagfærðir.

1b. Um Litla- og Stóra-Kamb:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.9 km kafli um Litla- og Stóra-Kamb.

23. **Haukadalsvegur (B 47):**

1 og 1a. Haukadalsvegur:

Fjárveiting var 730 þús. kr. Fullgerðir voru og teknir í notkun 0.8 km um Leikskála og 0.7 km um Núp.

24. **Laxárdalsvegur (B 48):**

Fjárveiting var 530 þús. kr. Undirbyggður var 2.3 km kafli um nýja brú á Skeggjagili.

25. **Klofningsvegur (B 49):**

Fjárveiting var 1.76 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 5.0 km kafli milli Staðarfells og Ytra-Fells.

26. **Neðribyggðarvegur (B 50):**

Fjárveiting var 230 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.6 km kafli milli Knarrarhafnar og Teigs. Frágangi er ekki lokið.

30. **Tröllatunguheiði (C 3):**

Fjárveiting var 1.17 m.kr. Ekið var slitlagi í veginn á heiðinni og hann lagfærður eins og kostur var. Einnig var undirbyggður 1.0 km kafli norðan til í heiðinni.

31. **Reykhólasveitarvegur (C 4):**

2. Um Barmahlíð:

Fjárveiting var 1.06 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.0 km kafli um Barmahlíð.

32. **Örlygshafnarvegur (C 9):**

2. Vörðubrekka:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Sett voru þrjú ræsi í Vörðubrekkuna.

36. **Tálknafjarðarvegur (C 14):**

1. Frá Bíldudalsvegi að Tunguþorpi:

Fjárveiting var 940 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.6 km kafli um Gilsá.

39. **Flateyrarvegur (C 20):**

1. Frá Selakirkjubóli að Hvilft:

Fjárveiting var 1.41 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.7 km kafli um Selakirkjuból.

40. **Súgandafjarðarvegur (C 21):**

1, 1a og 1b. Í Botnsdal:

Fjárveiting var 2.57 m.kr. og bráðabirgðalán frá Vestfjarðavegi á Gemlufalls- og Breiðadalsheiði 2.2 m.kr. Skuld frá fyrra ári 2.9 m.kr. Til greiðslu vaxta og afborgana fóru 1.187 þús. kr. Jafnað var missig í veginum og gengið frá ræsum. Föst lán í árslok 1971 voru 13.129 þús. kr.

41. **Bolungarvíkurvegur (C 22):**

1 og 1a. Bolungarvíkurvegur:

Fjárveiting var 3.21 m.kr. Til greiðslu vaxta og afborgana fóru 359 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.2 km kafli um Hólahorn. Grafnar voru vatnsrásir á 1.0 km kafla milli Ísafjarðar og Hnífsdals, en ekki var hægt að ljúka framkvæmdum. Föst lán í árslok 1971 voru 4.932 þús. kr.

42. **Djúpvegur (C 24):**

Fjárveiting var 5.29 m.kr. og lán samkv. III. 2.2. 9.0 m.kr. Skuld vegna flugvallarvegar 237 þús. kr.

Í Álftafirði var endurbættur 4.0 km kafli og undirbyggður 6.0 km kafli milli Hattardalsár og Kambsness.

Í Seyðisfirði var rutt upp 3.0 km kafla.

Í Skötufirði var undirbyggður 9.3 km kafli inn í Skötufjarðarbotn, en eftir er að lagfæra og ganga frá undirbyggingunni.

1 og 1a. Um Súðavík:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.3 km kafli í þorpinu.

43. **Vatnsfjarðarvegur (C 25):**

2. Í Ísafirði:

Fjárveiting var 1.06 m.kr. Endurbyggður var 3.0 km kafli í Bjarnastaðahlíð. Eftir er að sprengja fyrir vatnsrásum.

45a. **Krossárdalsvegur (C 29):**

Fjárveiting var 250 þús. kr. Undirbyggður var 0.6 km kafli á móts við Gröf.

47. **Drangsnesvegur (C 31):**

3. Vestan Kaldrananess:

Fjárveiting var 480 þús. kr. Tekinn var í notkun 1.4 km kafli vestan Kaldrananess, en eftir er að ganga frá honum.

48. **Norðurfjarðarvegur (C 32):**

1. Urðarhlíð:

Fjárveiting var 710 þús. kr. Sprengdur var niður klettur í Urðarhlíð og vegurinn lagfærður.

49. Heggstaðanesvegur (D 1):

1a. Mýrar—Bessastaðir:

Fjárveiting var 250 þús. kr. Byggt var bogaræsi yfir Grímsá og grafnir 4.0 km langir skurðir.

50a. **Miðfjarðarvegur (D 2):**

1a. Lagfæringar:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Lagfærðir voru snjóþungir staðir hjá Bjargshóli og Litlabakka.

51. **Fitjavegur (D 4):**

1a. Um Fitjaá:

Fjárveiting var 100 þús. kr. Lagfæringar gerðar hjá Neðri-Fitjum.

52. **Vatnsnesvegur (D 5):**

1 og 1a. Um Þórsá:

Fjárveiting var 280 þús. kr. Ný brú yfir Þórsá var tengd.

2. Norðan Hvammstanga:

Fjárveiting var 1.17 m.kr. Fullgerður var 1.2 km langur kafli sunnan Ánastaða.

53. **Þorgrímsstaðadalsvegur (D 6):**

1. Vatnsnesvegur—Tunguá:

Fjárveiting var 1.56 m.kr. Fullgerður var 1.5 km kafli frá vegamótum Vatnsnesvegar.

55. **Vatnsdalsvegur (D 9):**

1 og 1a. Kornsá—Miðhús:

Fjárveiting var 560 þús. kr. Grafnir skurðir, skipt um ræsi og mölborið á kaflanum frá Kornsá að Miðhúsum.

56. **Kjalvegur (D 15):**

1a. Endurbygging í Blöndudal:

Fjárveiting var 530 þús. kr. Grafið meðfram veginum og skipt um ræsi.

57. **Svínvetningabraut (D 13):**

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 275 þús. kr. Mölborið og skipt um ræsi austan Svínavatns.

58. **Svartárdalsvegur (D 17):**

Fjárveiting var 410 þús. kr. Endurbyggður 0.3 km kafli hjá Fjósum.

59. **Skagavegur (D 18):**

1a. Blönduós—Skagaströnd:

Fjárveiting var 700 þús. kr. Nokkrir snjóþungir staðir voru lagfærðir.

2a. Við Fossá:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.5 km kafli norðan við Fossá.

4. Í Gönguskörðum:

Fjárveiting var 4.47 m.kr. Undirbyggður var 1.2 km kafli milli Kálfárdals og Kallár og byggð bogaræsi á Kálfá og Kallá.

60a. **Efribyggðarvegur (D 26):**

1a. Ytra-Vatn—Álfgeirsvellir:

Fjárveiting var 830 þús. kr. Burðarlag sett á 1.9 km kafla.

62. **Skagafjarðarvegur (D 25):**

1. Á Kjálka:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 334 þús. kr. Mölborinn var 2.0 km kafli á Kjálka.

63. **Hegranesvegur (D 34):**

2a. Lagfæringar:

Fjárveiting var 350 þús. kr. Nokkrir snjóþungir staðir voru lagfærðir.

65. **Bæjarvegur (D 40):**

1 og 1a. Siglufjarðarvegur—Bær:

Fjárveiting var 1.25 m.kr. Fullgerður var 1.3 km kafli.

68. **Kleifavegur (E 3):**

1. Sunnan Syðri-Ár:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 210 þús. kr. Lagfærður var snjóastaður fyrir sunnan Syðri-Á.

70. **Svarfaðardalsvegur (E 5):**

2. Klaufabrekka—Dalvík:

Fjárveiting var 1.88 m.kr. Greidd var skuld til Skíðadalsvegar 524 þús. kr. og tekinn í notkun 0.9 km langur kafli milli Grundar og Garðshorns, svo og 0.3 km kafli af álmu að Hæringsstöðum.

70a. **Skíðadalsvegur (E 6):**

Fjárveiting var engin, en greidd skuld frá Svarfaðardalsvegi 524 þús. kr. Fullgerður var 0.3 km kafli hjá Másstöðum.

71. **Hauganesvegur (E 7):**

1. Ólafsfjarðarvegur—Hauganes:

Fjárveiting var 1.98 m.kr. Greitt bráðabirgðalán 499 þús. kr. frá 1970. Fullgerður var 2.0 km kafli af Hauganesvegi.

72. **Hörgárdalsvegur (E 11):**

2 og 2a. Dunhagi—Myrká:

Fjárveiting var 550 þús. kr. Lagfæringar voru gerðar á samtals 0.5 km hjá Myrká.

73. **Dagverðareyrarvegur (E 12):**

1. Ólafsfjarðarvegur—Endurvarpsst.:

Fjárveiting var 570 þús. kr. Unnið var við mölburð og ræsi á milli Dagverðareyrar og Gása.

75. **Eyjafjarðarbraut (E 14):**

2a. Við Hólavatn:

Fjárveiting var 80 þús. kr. Snjóastaður við Hólavatn lagfærður.

3a. Lagfæringar:

Fjárveiting var 150 þús. kr. Snjóastaður hjá Hólshúsum lagfærður.

4 og 4a. Norðurlandsvegur—Hrafnagil:

Fjárveiting var 3.41 m.kr. Af þessari fjárv. fóru 100 þús. kr. til Skíðahótelsvegar á Glerárdal og 100 þús. kr. til Langanesvegar út í Skoruvík, samkv. bréfi þingmanna frá 17/5 '69. Greitt bráðabirgðalán 1.6 m.kr. frá 1970. Framkvæmdum frestað.

76. **Svalbarðsstrandarvegur (E 17):**

1. Um Þórisstaði:

Fjárveiting var engin, en geymt var frá fyrra ári 361 þús. kr. Sáð var í vegkanta og greiddar túnbætur.

77. **Fnjóskadalsvegur vestri (E 18):**

Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán 900 þús. kr. út á væntanlega vegáætlun fyrir 1972—1975. Undirbyggður var 0.3 km kafli sunnan Skóga og mölborinn 11.5 km kafli milli Hróarsstaða og Illugastaða.

79. **Fnjóskadalsvegur eystri (E 20):**

2. Pálsgerði—Borgargerði:

Fjárveiting var 710 þús. kr., bráðabirgðalán 945 þús. kr., þar af 445 þús. kr. út á væntanlega vegáætlun fyrir 1972—1975, en 500 þús. kr. út á vegáætlun 1972. Tekinn var í notkun 1.2 km kafli milli Pálsgerðis og Borgargerðis, sem eftir er að ganga frá.

3. Sunnan Veisusels:

Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán 500 þús. kr. út á væntanlega vegáætlun fyrir 1972—1975. Fullgerður var 1.0 km kafli sunnan Veisusels.

81. **Út-Kinnarvegur (E 23):**

1a. Um Polla að Skálá:

Fjárveiting var 150 þús. kr. og bráðabirgðalán 150 þús. kr. út á vegáætlun 1972. Kaflinn um Polla var lagfærður og 0.2 km fullgerðir neðan við Þóroddsstaði.

82. **Bárðardalsvegur (E 24):**

2a. Sandvík—Skjálfandafljótsbrú:

Fjárveiting var 350 þús. kr. Lagfærður var kafli hjá Kálfborgará og vegurinn mölborinn á köflum allt norður undir Fosshól.

83. **Hvammavegur (E 27):**

1a. Við Daufhyl:

Fjárveiting var 190 þús. kr. Girt og gengið frá nýbyggingu frá fyrra ári.

2 og 2a. Við Grenjaðarstað:

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán 1.051 þús. kr. frá 1969 og 1970 og lokið að mestu við 0.5 km kafla.

3a. Að Fagranesi:

Fjárveiting var 80 þús. kr. Mölborinn var kafli norðan við Fagranes.

84. **Sandsvegur (E 30):**

1a. Þingeyjarsýslubraut—Hraunkot:

Fjárveiting var 50 þús. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

85. **Austurhlíðarvegur (E 31):**

1. Um Stóru-Laugar:

Fjárveiting var 130 þús. kr. Framkvæmdum frestað.

87. **Mývatnssveitarvegur (E 33):**

Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán 1.1 m.kr. var tekið út á væntanlega vegáætlun fyrir 1972—75. Nokkrir kaflar voru lagfærðir á milli Arnarvatns og Garðs.

88. **Baldursheimsvegur (E 34):**

1. Um Litlu-Strönd:

Fjárveiting var 130 þús. kr. Lagfærður var 2.8 km kafli sunnan við Gautlönd.

90. **Vopnafjarðarvegur (F 7):**

1. Kálffell—Banatorfur:

Fjárveiting var 2.23 m.kr., lán samkv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 3.4 m.kr. og geymt frá fyrra ári 281 þús. kr. Lokið var við 1.6 km kafla í Kálffelli, sem undirbyggður var 1970, og í framhaldi af honum var lokið við 5.6 km kafla og auk þess undirbyggður að mestu 0.5 km kafli.

2. Rangá—kauptún:

Fjárveiting var engin, en lán samkv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 2.1 m.kr. Endurbyggður var 7.4 km kafli um Ásbrandsstaði og inn undir Hof.

91. **Jökuldalsvegur efri (F 11):**

1a. Hákonarstaðir—Grund:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Undirbyggður var 0.8 km kafli ofan Kringilsár.

93. **Hróarstunguvegir (F 13 og F 14):**

Fjárveiting var 1.18 m.kr. Lokið var að mestu við 5.0 km kafla utan við Litla-Bakka, sem undirbyggður var að nokkru leyti 1970.

94. **Upphéraðsvegur (F 16):**

1. Við Strönd:

Fjárveiting var 1.18 m.kr. Lokið var við 1.5 km kafla innan Droplaugarstaða, sem byggður var 1970, og lokið var að mestu við 0.9 km kafla innan við Strönd.

1a. Við Þorleifará:

Fjárveiting var 300 þús. kr. og 500 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1972. Lagður var og tekinn í notkun 1.3 km kafli utan Þorleifarár, en ófullgerður.

95. **Fljótsdalsvegur (F 17—19):**

Fjárveiting var 220 þús. kr. og fór hún til greiðslu á bráðabirgðaláni frá 1969.

96. **Fjarðarheiðarvegur (F 20):**

Fjárveiting var 2.12 m.kr., og lán samkv. III. 2.5. (Austurlandsáætlun) 4.0 m.kr. Lokið var við 1.0 km kafla í Neðri-Staf, sem undirbyggður var 1970, og í framhaldi af honum var byggður 0.5 km kafli.

Í Norðurbrún var að mestu lokið við 1.8 km kafla.

97a. **Seyðisfjarðarvegur (F 21):**

Fjárveiting var 300 þús. kr. Endurbættur var 0.7 km kafli frá Söltunarstöðinni Þór að Sörlastöðum.

98. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 22):**

1 og 1a. Fjarðarhv.—Fossgerði og Borgarfjörður:

Fjárveiting var 2.9 m.kr. og 177 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1972. Tekinn var í notkun 2.5 km kafli frá Fjarðarheiðarvegi að Fossgerði, en ófullgerður. Innan við þorp í Borgarfirði var undirbyggður 0.4 km kafli.

1b. Á Vatnsskarði:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Lagfærðir voru tveir snjóastaðir á Vatnsskarði.

100. **Hjaltastaðarvegur (F 24):**

Fjárveiting var 350 þús. kr. Lagður var um 0.3 km kafli við Hjaltalund, en ófullgerður.

101. **Mjóafjarðarvegur (F 27):**

1 og 1a. Slenjudalur:

Fjárveiting var 540 þús. kr. Unnið var að lagfæringum og mölburði í Mjóafirði.

102. **Viðfjarðarvegur (F 28):**

1a. Utan Eskifjarðar:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Á kaflanum frá Högnastöðum að Helgustöðum voru sett niður nokkur ræsi og aðrar lagfæringar gerðar.

104. **Skriðdalsvegur (F 30):**

Fjárveiting var 240 þús. kr. Lagður var 0.5 km kafli á Jókuaurum og endurbættur 1.0 km kafli við Þingmúla.

104a. **Dalavegur í Fáskrúðsfirði (F 32):**

Fjárveiting var 100 þús. kr. Byggt var ræsi á Oddsá.

105. **Norðurdalsvegur í Breiðdal (F 34):**

Fjárveiting var 600 þús. kr. Lokið var að mestu við 1.8 km kafla utan við Gilsárstekk.

108. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**

1 og 1a. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:

Fjárveiting var 3.23 m.kr. Byggður var 0.7 km kafli um Laxá í Nesjum. Lokið var við 2.5 km kafla á Heinabergsaurum vestur undir Kolgrímu. Lokið var við 2.3 km kafla á Steinasandi, vestan brúar.

2 og 2a. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:

Fjárveiting var 1.9 m.kr. Lokið var við 2.7 km kafla um Hólá.

109a. **Þrengslavegur (G 2):**

Fjárveiting var engin, en endurgreitt var lán frá Ólafsfjarðarvegi 2.6 m.kr. Fullgerð var tenging við Þorlákshafnarveg um 0.8 km löng og allur vegurinn mölborinn.

110. **Þorlákshafnarvegur (G 5):**

1. Sunnan við vegamót í Grímslækjarhreppi:

Fjárveiting var 1.47 m.kr. Lokið var við 1.0 km kafla ofan við Þorlákshöfn.

110a. **Hafnarskeiðsvegur (G 6):**

1a. Til rannsókna á Ölfusá hjá Óseyrarsandi:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Jarðboranir ríkisins boruðu um 30 m djúpa holu með kjarnabor vestan óssins til könnunar á hrauni því, sem áin rennur á þarna. Er þar með kominn grundvöllur til að gera frumáætlun um brú á ósinn.

112. **Geysisvegur (G 18):**

1a. Kjóastaðir—Brattholt:

Fjárveiting var 500 þús. kr. og 249 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1972. Lagður var og tekinn í notkun 0.5 km langur kafli af veginum. Eftir er frágangur að miklu leyti frá Kjóastöðum að Gullfossi.

116. **Þjórsárdalsvegur (G 31):**

1 og 1a. Sandlækjarholt—Sandá:

Fjárveiting var 3.13 m.kr. Fór til greiðslu skuldar við Landsvirkjun (sjá Til þjóðbrauta, 23. Skeiðavegur (G 23)).

117. **Gaulverjabæjarvegur (G 39):**

1. Eyrarbakkavegur—Stokkseyri:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lagður var og tekinn í notkun 1.2 km kafli út frá Eyrarbakkavegi. Eftir er þó frágangur.

118b. **Villingaholtsvegur (G 44):**

Fjárveiting var engin, en 250 þús. kr. bráðabirgðalán út á væntanlega vegáætlun. Lagður var og tekinn í notkun 0.5 km kafli við nýja brú á Loftsstaðaá. Frágangi er ólokið.

118a. **Urriðafossvegur (G 45):**

Fjárveiting var 150 þús. kr. Unnið var að endurbyggingu vegarins.

119. **Ásmundarstaðavegur (G 47):**

1. Ásmundarst.—Þykkvabæjarvegur:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

120. **Þykkvabæjarvegur (G 49):**

1. Þykkvibær—Djúpós:

Fjárveiting var 600 þús. kr. og geymt frá fyrra ári 500 þús. kr. Endurbyggður var 2.2 km kafli af veginum ofan við Þykkvabæ og 0.2 km við Ægissíðu.

121. **Landvegur (G 51):**

1. Brúarlundur—Skarð:

Fjárveiting var 1.35 m.kr. Vegurinn var styrktur á 3.3 km kafla ofan við Marteinstungu.

1a. Suðurlandsvegur—Árbæjarvegur:

Fjárveiting var 1.8 m.kr. og fór til greiðslu á vöxtum og afborgunum lána. Föst lán í árslok 1971 voru 1.5 m.kr.

123a. **Efri Rangárvallavegur (G 55):**

1. Við Víkingslæk:

Fjárveiting var 250 þús. kr. Byggt var ræsi á Víkingslæk og bráðabirgðalán greitt frá 1970.

2. Við Geldingalæk:

Lagður var og tekinn í notkun 1.6 km kafli sunnan við Geldingalæk.

124. **Fljótshlíðarvegur (G 58):**

1. Við Moshvol:

Fjárveiting var 560 þús. kr., og fór hún til greiðslu á láni.

125. **Út-Landeyjavegur (G 60):**

Fjárveiting var engin, en endurgreitt fé frá Þúfuvegi 630 þús. kr. Endurbyggður var 5.0 km kafli af veginum milli Suðurlandsvegar og Uxahryggja.

126. **Þúfuvegur (G 61):**

Fjárveiting var 630 þús. kr. Greidd var skuld við Út-Landeyjaveg.

127. **Reynishverfisvegur (G 74):**

Fjárveiting var 260 þús. kr. Endurbyggður var 0.4 km kafli af veginum norðan við Reyni.

128. **Álftaversvegur (G 76):**

1. Við Norðurhjáleigu:
Fjárveiting var 750 þús. kr. Lagður var og tekinn í notkun 2.3 km kafli um Norðurhjáleigu.

128a. **Búlandsvegur (G 77):**

1 og 2. Hvammur—Búland:
Fjárveiting var 320 þús. kr. og fór hún til greiðslu á bráðabirgðaláni.

128b. **Ljótarstaðavegur (G 78):**

Fjárveiting var 100 þús. kr. Ýtt var upp 0.4 km kafla af veginum, en eftir er að mölbera hann.

129. **Meðallandsvegur (G 79):**

2. Fljótakrókur—E-Fljótar:
Fjárveiting var 1.2 m.kr. Lagður var og tekinn í notkun 3.0 km kafli. Mölbera þarf þó kaflann betur.

130. **Stórhöfðavegur:**

Fjárveiting var 450 þús. kr. Unnið var við ýmsar lagfæringar á veginum.

Alls voru undirbyggðir 102.5 km og lagt slitlag og burðarlag á 128.4 km af landsbrautum á árinu (sjá nánar yfirlit um framkvæmdir samkv. vegáætlun á fylgiskjali 2 2.2.—1).

### 2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Fjárveiting var 4.7 m.kr., og var henni skipt til helminga milli uppgræðslu og girðinga.

Uppgræðsla fór fram með svipuðum hætti og undanfarin ár. Sáð var í gömul flög með vegum og auk þess borið á svæði, sem sáð hafði verið í árið áður. Ungmennafélag Íslands lagði fram sjálfboðaliðsvinnu við sáningu í ýmsum héruðum landsins, og þar var það fé, sem sparaðist vegna vinnulauna, notað til kaupa á meiri áburði og grasfræi.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins var s. l. sumar falið að gera úttekt á gróðurskemmdum meðfram vegum, og sá Ingvi Þorsteinsson um framkvæmd þess, en farið var meðfram öllum vegum í annarri hverri sýslu á öllu landinu og gróðurskemmdir skráðar. Með þessu er unnt að gera lauslega áætlun um þær gróðurskemmdir, sem Vegagerðin hefur valdið, en næsta sumar er áætlað að ljúka þessari rannsókn.

Fjárveitingu til girðinga var varið til að mæta kröfum samkv. girðingalögum um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok 1971 var gerð könnun á, hve mikið af kröfum lægi fyrir, og kom í ljós, að réttmætar kröfur um girðingar og ristarhlið námu 34.2 m.kr.
Í marz 1970 námu kröfur um girðingar 18.0 m.kr. og hafa því aukizt um 16.2 m.kr., þrátt fyrir 2.0 m.kr. fjárveitingu 1970 og 2.35 m.kr. fjárveitingu 1971. Kröfur, sem komið hafa fram á þessu tímabili, nema því 20.55 m.kr.

### 2.3.6. Til rannsókna á Skeiðarársandi.

Fjárveiting var 1.3 m.kr. Haldið var áfram rennslismælingum á ánum á Skeiðarársandi. Einnig voru mælingar framkvæmdar við Grænalón og Súlu í sambandi við jökulhlaup, sem kom úr lóninu í september.
Farinn var mælingaleiðangur í Grímsvötn, en búizt var við jökulhlaupi þaðan á árinu, sem þó ekki varð.
Þá voru framkvæmdar ýmsar vatnafræðilegar athuganir, einkum með tilliti til framburðar ánna, svo og mælingar vegna vega- og brúargerða á vesturhluta sandsins.
Í október sl. fól samgönguráðherra vegamálastjóra að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um mannvirkjagerð á sandinum. Er því verki lokið, en hér er þó aðeins um bráðabirgðaáætlun að ræða, þar eð jökulhlaup það úr Grímsvötnum, sem vera átti megingrundvöllur áætlunarinnar, er enn ókomið, eins og áður sagði.

### 2.3.7. Til rannsókna á Hvalfirði og Borgarfirði.

a. **Hvalfjörður:**

Störfum Hvalfjarðarnefndar lýkur nú senn. Gagnasöfnun og áætlanagerð er lokið og langt komið arðsemisathugunum á hinum ýmsu möguleikum. Hafin er gerð skýrslu og komi ekkert óvænt í ljós má vænta niðurstöðu nefndarinnar, áður en afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1972—1975 lýkur.

b. **Borgarfjörður:**

Í Borgarfirði voru framkvæmdar botnkannanir með „seismiskum" aðferðum á svæðinu milli Seleyrar og Borgarness, svo og við fjarðarbotn. Enn fremur voru settir upp þrír síritandi vatnshæðarmælar í firðinum og ánum, og gerðar frumrannsóknir á framburði ánna. Annaðist Orkustofnun þessar rannsóknir allar. Þá voru framkvæmdar mælingar og jarðvegskannanir á fyrirhuguðum veglínum og mælingar fyrir kortagerð. Er teiknun korta af svæðinu um Borgarnes að ljúka um þessar mundir.

## 2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

### 2.4.1. Til aðalfjallvega.

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 150 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 400 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum.

3. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveiting var 150 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum. Enn fremur var byggð brú á Syðri-Ófæru og lagður 2.0 km langur vegur að henni. Þær framkvæmdir voru greiddar með sérstöku lánsfé sbr. lið 2.3.0.

4. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting 500 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum. Haldið var áfram endurbótum á leiðinni frá Austurlandsvegi um Brú á Kreppu.

### 2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 3.55 m.kr. Í tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972 var gerð tillaga um 1.7 m.kr. fjárveitingu á þessum lið.

Við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi var fjárveiting hækkuð óskipt í 1.9 m.kr., en að auki færðu þingmenn einstakra kjördæma óskiptar fjárveitingar úr þjóðbrautum og landsbrautum til einstakra fjallvega eins og hér greinir, sbr. nefndarálit meiri hl. fjárveitinganefndar á þskj. 814:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Skíðavegur á Seljalandsdal hjá Ísafirði | 650 þús. kr. |
| 2. | Vegur að skíðahóteli í Hlíðarfjalli við Akureyri | 700 — — |
| 3. | Dettifossvegur að vestan | 100 — — |
| 4. | Afréttarvegur í Hvolhreppi | 200 — — |
| | Alls | 1 650 þús. kr. |

Varð því fjárveiting til annarra fjallvega en aðalfjallvega alls 3.55 m.kr., og var henni skipt eins og hér greinir:

| | Heiti vegar | Kjördæmi | Upph. í þús. kr. | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Vegur að Bláfjöllum | Reykjanes | 35 | |
| 2. | Vegur að skíðaskála í Skálafelli | — | 30 | |
| 3. | Vegur að skíðaskála í Jósefsdal | — | 30 | |
| | | | | 95 |
| 4. | Vegur með Kjarrá | Vesturlands | 25 | |
| 5. | Vegur að Langavatni | — | 25 | |
| 6. | Vegur um Arnarvatnsheiði | — | 50 | |
| 7. | Vegur að Hítárvatni | — | 30 | |
| 8. | Vegur að Langjökli | — | 15 | |
| 9. | Vegur um Ljárskógafjall | — | 25 | |
| 10. | Vegur um Laugadal | — | 35 | |
| 11. | Vegur um Haukadalsskarð | — | 24 | |
| 12. | Vegur um Hallstaðafjall | — | 6 | |
| | | | | 235 |
| 13. | Vegur í Keflavík | Vestfjarða | 50 | |
| 14. | Vegur um Kollafjarðarheiði | — | 25 | |
| 15. | Vegur að skíðaskála hjá Ísafirði | — | 700 | |
| 16. | Vegur um Steingrímsfjarðarheiði | — | 40 | |
| | | | | 815 |
| 17. | Vegur um Víðidalstunguheiði | Norðurl. vestra | 50 | |
| 18. | Vegur um Grímstunguheiði | — | 25 | |
| 19. | Vegur úr Vatnsdal á Kjalveg | — | 20 | |
| 20. | Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsdal | — | 40 | |
| 21. | Vegur í Þjófadali | — | 20 | |
| 22. | Vegur um Eyvindarstaðaheiði | — | 30 | |
| 23. | Vegur að Litlasandi | — | 30 | |
| 24. | Ýmsir fjallv. í Skagaf. og A.-Hún. | — | 80 | |
| | | | | 295 |

| Heiti vegar | Kjördæmi | Uppĥ. í þús. kr | |
|---|---|---|---|
| 25. Vegur að skíðahóteli við Akureyri | Norðurl. eystra | 700 | |
| 26. Vegur að Kistufelli | — | 20 | |
| 27. Vegur í Fellsskóg | — | 40 | |
| 28. Vegur austan Skjálfandafljóts | — | 15 | |
| 29. Vegur um Mývatnsheiði | — | 35 | |
| 30. Vegur um Flateyjardalsheiði | — | 35 | |
| 31. Vegur út frá Björgum vestan Skjálfandafljóts | — | 25 | |
| 32. Vegur í Öskju | — | 25 | |
| 33. Vegur um Hólmatungur | — | 125 | |
| 34. Ýmsir fjallvegir í S.-Þing. | — | 40 | |
| 35. Ýmsir fjallvegir í N.-Þing. | — | 30 | |
| | | —— | 1 090 |
| 36. Vegur að brú á Selá í Vopnafirði | Austurlands | 50 | |
| 37. Vegur um Saurbæjarheiði | — | 25 | |
| 38. Brúarvegur á Jökuldal | — | 30 | |
| 39. Vegur í Seyðisfirði | — | 70 | |
| 40. Afréttarvegur á Fljótsdalsheiði | — | 10 | |
| 41. Afréttarvegur á Víðivallahálsi | — | 25 | |
| 42. Vegur að brú á Eyvindará | — | 50 | |
| 43. Vegur um Kollumúla | — | 60 | |
| 44. Vegur um Hamarsdal (syðri leið) | — | 40 | |
| | | —— | 360 |
| 45. Vegur að Laka | Suðurlands | 80 | |
| 46. Fjallabaksvegur syðri | — | 40 | |
| 47. Fimmvörðuháls, Tindfjöll o. fl. | — | 20 | |
| 48. Afréttarvegur Hvolhrepps | — | 220 | |
| 49. Vegur að Heklu | — | 60 | |
| 50. Vegur að Landmannalaugum | — | 90 | |
| 51. Afréttarvegur Flóa og Skeiða | — | 20 | |
| 52. Afréttarvegur Biskupstungna | — | 20 | |
| 53. Afréttarvegur Hrunamanna | — | 20 | |
| | | —— | 570 |
| 54. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús) | | 35 | |
| 55. Ferðafélag Íslands (sæluhús) | | 35 | |
| 56. Ófyrirséð | | 20 | |
| | | —— | 90 |
| | | Alls | 3 550 |

### 2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 200 þús. kr. og innstæða frá fyrra ári, er nam 80 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari upphæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| 1. Hestamannafélagið Fákur, Reykjavík | 70 þús. kr. |
| 2. — Hörður, Mosfellssveit | 50 — — |
| 3. — Faxi, Borgarfirði | 40 — — |
| 4. — Léttfeti, Sauðárkróki | 20 — — |
| 5. — Stígandi, Skagafirði | 20 — — |
| 6. — Léttir, Akureyri | 40 — — |
| 7. — Sleipnir, Selfossi | 20 — — |
| 8. — Gustur, Kópavogi | 20 — — |
| Alls | 280 þús. kr. |

## 2.5. TIL BRÚARGERÐA

### 2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

2. **Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18):**

Fjárveiting 1971 2.65 m.kr., og var henni varið til að ljúka byggingu brúarinnar, en stöplar hennar voru að nokkru byggðir árið áður. Brúin er 71 m löng stálbitabrú með timburgólfi í þrem höfum. Framkvæmdum lauk í ágúst.

32. **Brú á Norðurá hjá Haugum (B 11):**

Fjárveiting var 14.96 m.kr., og var hluta hennar varið til að byggja undirstöður og stöpla 118 m langrar brúar, en fyrirhugað er að ljúka brúargerðinni 1972.

32a. **Brú á Litla-Fljót hjá Hallkelsst. (sýsluv.):**

Byggð var 11 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og var framkvæmdum lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður var 1.0 m.kr.

33. **Brú á Haukadalsá (B 1):**

Byggð var steypt bogabrú alls 54 m að lengd, og kom hún í stað þröngrar brúar með mjög erfiða aðkeyrslu frá 1922. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 6.15 m.kr.

33a. **Brú á Hvolsá hjá Hvítadal (sýsluv.):**

Byggð var 16 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og var framkvæmdum lokið í nóvember. Áætlaður kostnaður var 1.3 m.kr.

34. **Brú á Þórsá á Vatnsnesi (D 5):**

Byggð var 22 m löng steypt bitabrú í einu hafi, og leysti hún af hólmi eldri brú, sem var mjó og mjög lág og því til mikils trafala í umferð, einkum að vetri til vegna snjóþyngsla. Framkvæmdum lauk í október. Áætlaður kostnaður var 2.5 m.kr.

34a. **Brú á Austurkvísl Héraðsvatna hjá Eyhildarholti (einkav.):**

Fjárveiting var 0.55 m.kr., og nam hún helmingi áætlaðs kostnaðar. Brú þessi er á einkavegi bænda í Eyhildarholti í Skagafirði, og í samráði við þá var framkvæmdum frestað til vetrar með það fyrir augum að nota ís á ánni til að auðvelda niðurrekstur. Er fyrirhugað að framkvæma verkið nú síðari hluta vetrar.

35. **Brú á Köldukvísl á Tjörnesi (E 25):**

Byggð var 70 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi í þrem höfum. Leysti hún af hólmi brú frá 1934, sem var að hruni komin. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 8.45 m.kr.

35a. **Brú á Kverká í Þistilfirði (sýsluv.):**

Fjárveiting var 0.5 m.kr., en þar sem hún nemur aðeins litlum hluta áætlaðs kostnaðar þótti ekki fært að hefjast handa um framkvæmdir við brúargerðina, og geymist fjárveiting, unz bætt verður við hana.

36. **Brú á Geitdalsá í Skriðdal (sýsluv.):**

Fjárveiting var 2.78 m.kr. Samkvæmt beiðni þingmanna Austurlandskjördæmis var byggingu brúarinnar frestað að svo stöddu, þar eð bærinn Hátún, sem tengja átti með brúnni, er kominn í eyði. Jafnframt óskuðu þingmennirnir eftir, að byggðar yrðu smábrýr á Kringilsá á Jökuldal og Þorleifará á Héraði fyrir fjárveitingu Geitdalsár, svo og göngubrýr á Eyvindará á Jökuldal og Selá í Vopnafirði. Brýrnar á Kringilsá og Þorleifará voru byggðar sbr. greinargerð þar um hér á eftir, en ekki tókst að ljúka við byggingu brúnna á Eyvindará og Selá vegna mjög erfiðra aðstæðna við aðdrætti og slæmrar tíðar á s. l. hausti, en þeim verður væntanlega lokið árið 1972.

37. **Brú á Laxá í Nesjum (F 1):**

Byggð var 40 m löng steypt bitabrú í þrem höfum, og leysti hún af hólmi þrönga stálgrindarbrú, sem byggð var 1911. Brúin var tekin til umferðar í ágúst. Áætlaður kostnaður var 3.62 m.kr.

37a. **Brú á Syðri-Ófæru (aðalfjallv.):**

Byggð var 22 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Var þar með rutt úr vegi helzta farartálma á Fjallabaksvegi nyrðri, og má segja, að vegurinn sé nú fær öllum venjulegum bílum, þegar þurrt er um á sumrin. Áætlaður kostnaður var 2.8 m.kr., og var hann greiddur af fjárveitingu, sem var 1.0 m.kr., og af lánum samkvæmt lið III. 3.1. í vegáætlun.

38. **Brú á Jökulkvísl á Álftaversafrétti (fjallv.):**

Fjárveiting var 0.54 m.kr. Byggð var 22 m löng brú á ána 1969 fyrir lánsfé, og fór fjárveitingin til greiðslu á láninu.

39. **Brú á Svaðbælisá (G 1):**

Byggð var 20 m löng steypt plötubrú í tveim höfum, og kom hún í stað lélegrar timburbrúar, sem var þarna áður. Framkvæmdum var lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður var 2.29 m.kr.

40. **Brú á Bakkakotsá (G 1):**

Byggð var 24 m löng steypt plötubrú í tveim höfum, og kom hún í stað lélegrar timburbrúar. Framkvæmdum var lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður var 2.53 m.kr.

41. **Brú á Rimhúsaál hjá Holti (einkav.):**

Fjárveiting var 0.23 m.kr., og var það helmingur áætlaðs kostnaðar. Byggð var 22 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og voru notaðir bitar, sem til féllu úr gömlu brúnni á Bakkakotsá.

Allar tölur um áætlaðan kostnað, sem tilgreindar eru í þessum og næstu köflum, eru miðaðar við verðlag í marz 1971, þegar áætlunin var samin. Vísitala brúargerðarkostnaðar hefur síðan hækkað um 4.5% sbr. lið 2.1.6., og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukizt tilsvarandi.

### 2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 8.2 m.kr., og var henni varið til byggingar brúa á eftirtaldar ár:

| | Heiti | Vegur | Lengd m | Áætl. kostn. þús. kr. | Kostnaður vegasjóðs þús. kr. | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Grundarlækur | B26 | 4 | 800 | 800 | |
| 2. | Brunná hjá Valdarási | Sýsluv. | 6 | 400 | 100 | |
| 3. | Reyðarlækur | E1 | 5 | 1 200 | 1 200 | |
| 4. | Breiðavaðslækur | E1 | 4 | 1 340 | 1 340 | |
| 5. | Reyðará á Tjörnesi | E25 | 6 | 800 | 800 | |
| 6. | Víðinesá hjá Völlum | Sýsluv. | 7 | 650 | 160 | |
| 7. | Eiðalækur | F22 | 4 | 1 200 | 1 200 | 1) |
| 8. | Unalækur | Sýsluv. | 4 | 500 | 130 | |
| 9. | Borgarhafnará | Sýsluv. | 4 | 400 | 100 | |
| 10. | Loftsstaðaá | G44 | 6 | 700 | 700 | |
| 11. | Stóragil í Laugardal | G12 | 4 | 800 | 800 | |
| 12. | Svartagil í Þingvallasv. | Sýsluv. | 5 | 280 | 70 | Byggð 1970 |
| 13. | Miðdalsá | A13 | 5 | 800 | 800 | |
| | | Samtals | | 9 870 | 8 200 | |

## Aðrar brúargerðarframkvæmdir.

### *Brýr 10 m og lengri.*

**Brú á Skeggjagil í Laxárdal (B 48):**

Byggð var 20 m steypt plötubrú í tveim höfum. Þessi á var versti farartálminn á veginum yfir Laxárdalsheiði, auk þess sem efstu bæir í Laxárdal þurftu að sækja yfir ána. Áætlaður kostnaður var 2.3 m.kr., og var hann greiddur með bráðabirgðaláni, sem samgönguráðuneytið heimilaði hreppsnefnd Laxárdalshrepps að leggja fram í þessu skyni. Framkvæmdum var lokið í nóvember.

**Brú á Glerá hjá Akureyri (þéttbýlisv.):**

Vegna breikkunar þéttbýlisvegarins gegnum Akureyri um Glerá var gamla brúin orðin of mjó, auk þess sem hún var illa staðsett með tilliti til götunnar. Til að ráða bót á þessu, var yfirbygging gömlu brúarinnar færð til og byggðir undir hana nýir stöplar, og þjónar hún nú annarri akbraut götunnar. Fyrir hina akbrautina var byggð ný 17 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Brúin hefur 7.0 m breiða akbraut auk gangstétta og er alls 11.0 m breið. Áætlaður kostnaður er 10.0 m.kr., og greiðist hann að hluta af þéttbýlisfé Akureyrar (4.65 m.kr. og greiðist það á þrem árum) og að hluta af lánsfé til Norðurlandsvegar um Akureyri samkv. grein III. 1.2 í vegáætlun. Brýrnar voru teknar til umferðar í nóvember.

**Brú á Gilsá á Jökuldal (F 1):**

Byggðar voru undirstöður og stöplar fyrir 103 m langa brú, sem fyrirhugað er að ljúka á árinu 1972. Áætlaður kostnaður var 4.6 m.kr., og greiðist hann af lánsfé til Austurlandsáætlunar skv. grein III. 2.5. í vegáætlun.

**Brú á Yztu-Rjúkandi (F 1):**

Byggð var 22 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Leysti hún af hólmi gamla brú, mjóa og illa staðsetta. Framkvæmdum var lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður var 3.0 m.kr., og greiðist hann af lánsfé til Austurlandsáætlunar samkv. grein III. 2.5. í vegáætlun.

1) Vegna nálægðar gömlu brúarinnar á Eiðalæk, varð að byggja nýju brúna í tveim áföngum, og var einungis lokið við þann fyrri og umferð hleypt á hann s. l. haust.

**Brú á Deildará í Mýrdal (G 1):**

Í miklum vatnavöxtum í byrjun árs laskaðist gamla brúin á Deildará svo, að ekki reyndist unnt að gera við hana. Til bráðabirgða var sett upp stálbitabrú, en samgönguráðuneytið ákvað að tillögu vegamálastjóra að byggja þarna nýja steypta bitabrú, 14 m langa. Áætlaður kostnaður við smíði brúarinnar og nauðsynlega veg-arlagningu að henni var 2.6 m.kr., og telst sú upphæð með öðrum kostnaði við náttúru-hamfarir sbr. lið 2.2.1. B.

*Smábrýr.*

**Brú á Stampafossgil (B 33):**

Byggð var 5 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 0.9 m.kr., og var hann greiddur af lánsfé til Heydalsvegar samkv. grein III. 2.1. í vegáætlun.

**Brú á Lambanesá í Fljótum (D 33):**

Byggð var 8 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.2 m.kr., og var fjár-veiting til Siglufjarðarvegar um Haganesvík notuð til að greiða hann til bráða-birgða samkv. samkomulagi við þingmenn Norðurlandskjördæmis vestra, og er þá gert ráð fyrir, að þessi upphæð verði endurgreidd af smábrúafé 1972.

**Brú á Fremstu-Rjúkandi á Jökuldal (F 1):**

Byggð var 5 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.6 m.kr., og var hann greiddur af lánsfé til Austurlandsáætlunar samkv. grein III. 2.5 í vegáætlun.

**Brú á Kringilsá á Jökuldal (F 11):**

Byggð var 8 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.0 m.kr., og var hann greiddur af fjárveitingu Geitdalsár í Skriðdal sbr. lið 36. í grein 2.5.1. hér á undan.

**Brú á Þorleifará á Héraði (F 16):**

Byggð var 8 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.0 m.kr., og var hann einnig greiddur af fjárveitingu Geitdalsár í Skriðdal.

## 2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóða í vegáætlun á árinu 1970 var 21.2 m.kr., og skiptist hún milli sýslna samkvæmt reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1970 voru tekjur sýsluvegasjóðanna sam-kvæmt 23. gr. vegalaga áætlaðar alls 377 þús. kr., en reyndust 424 þús. kr. Tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. voru áætlaðar 9.724 þús. kr., en reyndust 9.917 þús. kr. Heild-artekjur samkvæmt þessum þrem greinum urðu því 10.341 þús. kr., eða 340 þús. kr. hærri en áætlað var.

Ríkisframlag samkvæmt 28. gr. vegalaga á árinu 1971 var því 0.5 m.kr. hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda á árinu 1970. Hins vegar var við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1969—1972 ákveðið af fjárveitinganefnd, að ríkisframlag til sýsluvegasjóðanna skyldi á áætlunartímabilinu vera 1.0 m.kr. hærra en 28. gr. segði til um til þess að bæta sýsluvegasjóðunum upp þá lengingu sýsluvega, sem leiddi af breytingu á vegalögum nr. 24/1969. Vantar því á árinu 1971 0.5 m.kr. á fyrirheit fjárveitinganefndar.

Á árinu 1971 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkvæmt 21. og 26. gr. vega-laga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1970, sem var 81.23 kr. á klst., og var það 28.9% hækkun frá sama kaupgjaldi 1. des. 1969. Samkvæmt því voru áætlaðar tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. 12.783 þús. kr.

Þegar lög nr. 98 frá 28. desember 1970 um breytingu á vegalögum nr. 23/1970 voru samþykkt á Alþingi, var eigi annað vitað en hið nýja fasteignamat tæki gildi 1. janúar 1971. Af þeim sökum var með 5. gr. téðra laga breytt 2. mgr. 23. gr. vegalaga nr. 23/1970 til samræmis við hið nýja fasteignamat. Var vegaskattur lækkaður í 1/20 af því, sem áður var. Munu því heildartekjur sýsluvegasjóða samkv. 23. gr. á árinu 1971 væntanlega aðeins verða liðlega 20 þús. kr. Heildartekjur innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda á árinu verða því um 12.8 m.kr., sem skiptast eins og að neðan greinir:

**Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1971.**

Upphæðir í þús. kr.

| Sýsla: | Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga | Tekjur skv. 23. gr. vegalaga | Ríkisframlag | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | 1 198 | 3 | 492 | 1 693 |
| Kjósarsýsla | 599 | 5 | 608 | 1 212 |
| Borgarfjarðarsýsla | 344 | 1 | 452 | 797 |
| Mýrasýsla | 384 | 0 | 865 | 1 249 |
| Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla | 713 | 0 | 1 078 | 1 791 |
| Dalasýsla | 285 | 0 | 608 | 893 |
| Austur-Barðastrandarsýsla | 102 | 0 | 463 | 565 |
| Vestur-Barðastrandarsýsla | 525 | 0 | 379 | 904 |
| Vestur-Ísafjarðarsýsla | 427 | 0 | 725 | 1 152 |
| Norður-Ísafjarðarsýsla | 470 | 0 | 453 | 923 |
| Strandasýsla | 286 | 0 | 662 | 948 |
| Vestur-Húnavatnssýsla | 299 | 0 | 832 | 1 131 |
| Austur-Húnavatnssýsla | 425 | 0 | 747 | 1 172 |
| Skagafjarðarsýsla | 573 | 0 | 1 360 | 1 933 |
| Eyjafjarðarsýsla | 735 | 1 | 804 | 1 540 |
| Suður-Þingeyjarsýsla | 684 | 1 | 1 450 | 2 135 |
| Norður-Þingeyjarsýsla | 336 | 0 | 1 329 | 1 665 |
| Norður-Múlasýsla | 557 | 0 | 2 013 | 2 570 |
| Suður-Múlasýsla | 904 | 0 | 1 324 | 2 228 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 269 | 0 | 515 | 784 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 338 | 0 | 853 | 1 191 |
| Rangárvallasýsla | 782 | 0 | 1 508 | 2 290 |
| Árnessýsla | 1 548 | 9 | 1 606 | 3 163 |
| Samtals | 12 783 | 20 | 21 126 | 33 929 |

## 2.7 TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi kaupstaða og þéttbýlisstaða með 300 íbúum og fleiri var, samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi, þann 1. des. 1970, útgefnum af Hagstofu Íslands þann 30. júní 1971:

| | | |
|---|---|---|
| Kaupstaðir | 140 358 | íbúar |
| Þéttbýlisstaðir með 300 íbúum og fleira | 31 653 | — |
| Samtals | 172 011 | íbúar |

Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:

| | | |
|---|---|---|
| Áætlaðar tekjur árið 1971 | kr. | 883 800 000.00 |
| ÷ Framlag til hraðbr. skv. 32. gr. vegal. | — | 162 100 000.00 |
| | kr. | 721 700 000.00 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 12½% framl. af kr. 721 700 000.00, skv. 32. gr. vegalaga .. | | | kr. 90 212 500.00 |
| Tekjur vegasjóðs árið 1970 ............ | kr. 523 357 735.00 | | |
| ÷ Framlag til hraðbrauta ............ | — 85 000 000.00 | | |
| | kr. 438 357 735.00 | | |
| 12½% framlag af kr. 438 357 735.00 skv. 32. gr. vegalaga ..................... | — 54 794 716.88 | | |
| ÷ Tekið til skipta 1970 ............. | — 62 325 000.00 | | |
| | | | — 7 530 283.12 |
| | | | kr. 82 682 216.88 |
| ÷ 10% skv. 34. gr. vegalaga ........................... | | | — 8 268 221.69 |
| | | Til skipta 1971 | kr. 74 413 995.19 |

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{74\,413\,995.19}{172\,011} = 432.61184 \text{ kr. pr. íbúa.}$$

Þéttbýlissvæði, með 300 íbúum og fleiri, þann 1. des. 1970, skv. töflu frá Hagstofu Íslands frá 30. júní 1971.

| | Íbúatala | Framlag |
|---|---|---|
| Reykjavík ........................ | 81 684 | kr. 35 337 462.00 |
| Kópavogur ........................ | 11 165 | — 4 830 111.00 |
| Hafnarfjörður .................... | 9 695 | — 4 194 171.00 |
| Keflavík ......................... | 5 663 | — 2 449 881.00 |
| Akranes .......................... | 4 253 | — 1 839 892.00 |
| Ísafjörður ....................... | 2 680 | — 1 159 400.00 |
| Sauðárkrókur ..................... | 1 600 | — 692 179.00 |
| Siglufjörður ..................... | 2 161 | — 934 874.00 |
| Ólafsfjörður ..................... | 1 086 | — 469 816.00 |
| Akureyri ......................... | 10 755 | — 4 652 740.00 |
| Húsavík .......................... | 1 993 | — 862 195.00 |
| Seyðisfjörður .................... | 884 | — 382 429.00 |
| Neskaupstaður .................... | 1 552 | — 671 414.00 |
| Vestmannaeyjar ................... | 5 186 | — 2 243 525.00 |
| Grindavík ........................ | 1 169 | — 505 723.00 |
| Sandgerði ........................ | 922 | — 398 868.00 |
| Gerðar Gerðahr. .................. | 321 | — 138 868.00 |
| Njarðvíkur ....................... | 1 512 | — 654 109.00 |
| Garðakauptún ..................... | 2 868 | — 1 240 731.00 |
| Seltjarnarnes .................... | 2 153 | — 931 413.00 |
| Varmár- og Álafosshverfi ......... | 362 | — 156 605.00 |
| Borgarnes ........................ | 1 157 | — 500 532.00 |
| Hellissandur ..................... | 506 | — 218 902.00 |
| Ólafsvík ......................... | 995 | — 430 449.00 |
| Grafarnes, Grundarfirði .......... | 599 | — 259 134.00 |
| Stykkishólmur .................... | 1 042 | — 450 781.00 |
| Patreksfjörður ................... | 996 | — 430 881.00 |
| Bíldudalur ....................... | 311 | — 134 542.00 |
| Þingeyri ......................... | 395 | — 170 882.00 |
| Flateyri ......................... | 455 | — 196 838.00 |
| Suðureyri ........................ | 459 | — 198 569.00 |

| | Íbúatala | | Framlag |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 978 | kr. | 423 094.00 |
| Hnífsdalur | 325 | — | 140 599.00 |
| Hólmavík | 331 | — | 143 195.00 |
| Hvammstangi | 361 | — | 156 173.00 |
| Blönduós | 690 | — | 298 502.00 |
| Skagaströnd | 532 | — | 230 149.00 |
| Dalvík | 1 055 | — | 456 405.00 |
| Hrísey | 291 | — | 125 890.00 |
| Raufarhöfn | 446 | — | 192 945.00 |
| Þórshöfn | 405 | — | 175 208.00 |
| Vopnafjörður | 514 | — | 222 362.00 |
| Egilsstaðir | 718 | — | 310 615.00 |
| Eskifjörður | 936 | — | 404 925.00 |
| Búðareyri, Reyðarfirði | 532 | — | 230 149.00 |
| Búðir, Fáskrúðsfirði | 720 | — | 311 480.00 |
| Djúpivogur | 321 | — | 138 868.00 |
| Höfn í Hornafirði | 901 | — | 389 783.00 |
| Vík í Mýrdal | 379 | — | 163 960.00 |
| Hella, Rangárvöllum | 367 | — | 158 769.00 |
| Stokkseyri | 392 | — | 169 584.00 |
| Eyrarbakki | 511 | — | 221 065.00 |
| Selfoss | 2 397 | — | 1 036 970.00 |
| Hveragerði | 807 | — | 349 118.00 |
| Þorlákshöfn | 523 | — | 226 271.19 |
| Samtals | 172 011 | kr. | 74 413 995.19 |

Skipting á framlagi samkv. 34. gr. vegalaga (10% sjóður).

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi | kr. | 6 900 000.00 |
| 2. | Til Suðurlandsvegar á Selfossi | — | 1 200 000.00 |
| 3. | Til Reykjavegar í Hveragerði | — | 168 000.00 |
| | Samtals | kr. | 8 268 000.00 |

## 2.8. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

### 2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 15.0 m.kr. Þegar lán var tekið hjá Alþjóðabankanum til hraðbrautaframkvæmda, var einnig tekið þar lán til kaupa á vegagerðarvélum að upphæð 517 þús. dollarar eða um 45 m.kr. Ákveðið var að nota lánið til kaupa á vélum til að annast viðhald malarvega. Lánið mátti nota til að greiða með cif-verð vélanna. Var gert ráð fyrir að kaupa vélarnar á tveimur árum og að innlendur kostnaður, tollar, söluskattur o. fl. yrði greiddur af fjárveitingum og afskriftafé véla á þeim tíma. Var þó horfið að því að kaupa vélaranr á árinu 1971, og heimilaði fjármálaráðuneytið yfirdrátt á þeim hluta innlenda kostnaðarins, sem greiða átti á árinu 1972.

Fyrir þetta lán voru keyptar vélar fyrir 64 m.kr., og var innlendi kostnaðurinn þar af 19.0 m.kr.

Alls voru keyptar vélar fyrir 79 m.kr. eins og hér segir:

6 vegheflar með útbúnaði til snjómoksturs.
4 hjólaskóflur.
3 snjóblásarar.
1 mulningsvélasamstæða.

1 vöruflutningabifreið.
6 bifreiðar fyrir mælingar o. fl.
2 festivagnar.
1 mulningsvél, notuð.

Auk ofanskráðra véla voru keyptar ýmsar minni vélar og tæki, svo sem rafstöðvar, vélbörur, steypuþjöppur, vélsagir, vélspil, lofthitarar o. fl.

### 2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 4.0 m.kr., sem varið var eins og hér segir:

1. Lokið var að mestu við þann áfanga áhaldahússins á Akureyri, sem byrjað var á 1969. Sá hluti hússins, sem ætlaður er fyrir skrifstofur og matstofu, var tekinn í notkun s. l. sumar, en vélaverkstæði var tekið í notkun í síðari hluta desembermánaðar. Birgðadeild áhaldahússins er til húsa í þeim hluta hússins, sem ætlaður er fyrir íbúð húsvarðar. Eftir er að mála húsið að utan og ganga frá lóð.
2. Haldið var áfram byggingu áhaldaskemmu vestan Lagarfljótsbrúar, en áætlað er að ljúka byggingu hennar á næsta ári. Gamla húsið, sem var úr timbri og mjög gamalt, er áætlað að selja til niðurrifs.
3. Á Blönduósi voru gerðar minni háttar lagfæringar á húsi því, sem keypt var árið áður.
4. Minni háttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

## 2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

| | | |
|---|---|---|
| Fjárveiting á vegáætlun 1971 | 4.5 | m.kr. |
| Geymt fé frá 1970 | 1.9 | — |
| Alls | 6.4 | m.kr. |

Fjárveitingu þessari var veitt til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi.

1. Rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar:

   Hér er um að ræða framhald rannsókna, sem hófust árið 1957.

2. Vegheflun:

   Í sambandi við námskeið í vegheflun (2.2.1.c) voru gerðar tilraunir með viðbótartæki fyrir veghefla, m. a. til að hreinsa upp úr skurðum og taka fláa á vegkanta. Tilraunum þessum verður haldið áfram.

3. Rykbinding:

   Gerðar voru tilraunir með rykbindingu á malarvegum með asfaltupplausn. Til þeirra voru valdir vegarkaflar á Norður-, Vestur- og Suðurlandi, nýir og gamlir, með mismunandi slitlagsmöl og mismikilli umferð. Voru kaflarnir samtals 28.6 km langir. Tilgangur tilraunanna er, auk þess að hefta rykið, að fá úr því skorið, að hve miklu leyti heflun og mölburður sparast við notkun slíks efnis. Reynsla af þessum tilraunum varð mjög misjöfn, en gefur fulla ástæðu til að þeim verði haldið áfram.

4. Vegir byggðir á mýri:

   Haldið var áfram mælingum á sigi á kafla á Suðurlandsvegi austur undir Hellu, sem byggður var á mýri 1968. Sömuleiðis var haldið áfram mælingum á sigi á

Suðurlandsvegi milli Bakkarholtsár og Selfoss, sem byggður var á mýri haustið 1969 og fyrri hluta árs 1970. Síðastliðið haust voru hafnar frekari rannsóknir á þessu sviði, framkvæmdar af Vegagerðinni og Verkfræðiþjónustu dr. Gunnars Sigurðssonar. Verða þar dregnar saman niðurstöður allra þekktra rannsókna á mýrarjarðvegi hér á landi og gerð grein fyrir reikningsaðferð til að spá fyrir um sig vega í mýrarjarðvegi. Greinargerð um þessar rannsóknir mun liggja fyrir í febrúar.

5. Einangrun vega:

   Mælingum lauk vorið 1971, og er verið að ganga frá skýrslu um niðurstöður. Mun hún liggja fyrir í febrúar—marz.

6. Snjógirðingar við vegi:

   Haldið er áfram athugunum á skaflamyndun í vissum vindáttum.

7. Aðrar tilraunir:

   a) Fylgzt er með malbiki og steypu á Reykjanesbraut með tilliti til burðarþols, slits, yfirborðsójafna o. fl.

   b) Enn er leitað stöðlunar fyrir því, hvenær malarefni er frosttryggt. Skilað hefur verið þremur áfangaskýrslum og tvær til viðbótar eru í vinnslu. Telja má, að fundin sé einföld og fljótvirk aðferð til þess að segja fyrir um það, hvenær efni er frosttryggt í frost-þíðu tilraun í rannsóknarstofu. Næsti áfangi þessara rannsókna er að finna samband milli niðurstaða úr þessari aðferð og hegðunar malarefna í vegunum.

Heildarkostnaður við tilraunir varð á árinu aðeins um 3 m.kr. Er það m. a. vegna þess, að allar tilraunir og rannsóknir, sem gerðar eru á rannsóknarstofu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar á Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, en á s. l. ári hafði stofnunin varla undan þjónusturannsóknum, einkum vegna aukins álags frá hinum óvenju miklu hraðbrautaframkvæmdum, svo að hvorki gafst tími né aðstaða til hinnar venjulegu rannsóknarstarfsemi.

## 2.10. Greiðsluhalli á vegáætlun.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Samkvæmt lið 1.1—1.3 voru áætlaðar tekjur á árinu 836.8 m.kr., en verða væntanlega 815.0 m.kr., sbr. lið 1.2 .......... | Halli | 21.8 | m.kr. |
| 2. | Útgjöld samkv. lið 2.1 urðu 7.3 m.kr. hærri en áætlun ...... | — | 7.3 | — |
| 3. | Útgjöld samkv. lið 2.2 urðu 10.9 m.kr. hærri en áætlun ..... | — | 10.9 | — |
| 4. | Útgjöld samkv. lið 2.5 urðu 2.7 m.kr. hærri en áætlun ...... | — | 2.7 | — |
| 5. | Útgjöld samkv. 2.7 og 2.9 urðu 3.0 m.kr. lægri en áætlun .. | — | ÷3.0 | — |
| | | Halli alls | 39.7 | m.kr. |

Fskj. 2.1.5—1.


VEGAGERÐ RÍKISINS
Umferðartalning
Afstöðumynd
Meðalumferð mánuðina júní–september 1971
Bifreiðar á sólarhring
Reykjavík í okt. 1971
1971
SUÐURLANDSVEGUR
vestan Hellu
austan Hellu
austan Oddavegar
vestan Hvolsvallar
við Þverá
austan Markarfljóts
671
VESTURLANDSVEGUR:
Norðan vegamóta hjá Haugum
hjá Bifröst
Sunnan Dalsmynnis
477
Vestan Dalsmynnis
188
NORÐURLANDSVEGUR
Norðan Dalsmynnis
AKUREYRI
REYKJAVÍK
HAFNARFJÖRÐUR
HELLA
SELFOSS
EYRARBAKKI
STOKKSEYRI
AKRANES
SANDGERÐI
GERÐAR
KEFLAVÍK
HAFNIR

## Tekjur vegna umferðargjalds á Reykjanesbraut, frá upphafi, 26.10.'65, til loka ársins 1971.

| | Tala bifreiða um gjaldstöð | Tekjur alls (brúttó) kr. | Innheimtu-kostnaður kr. | Tekjur alls (nettó) kr. | Meðalumferð á dag, báðar áttir | Hlutfalls-tala umferðar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1965: | | | | | | |
| 26.10.—31.12. ... | 39 065 | 2 600 690.00 | 365 796.21 | 2 234 893.79 | 1182 | |
| 1966: | | | | | | |
| 1.1.—31.12. ..... | 249 839 | 13 964 927.50 | 1 817 004.67 | 12 147 922.83 | 1369 | 100 |
| 1967: | | | | | | |
| 1.1.—31.12. ..... | 272 564 | 15 007 180.00 | 2 286 596.66 | 12 720 583.34 | 1494 | 109 |
| 1968: | | | | | | |
| 1.1.—31.12. ..... | 281 095 | 15 848 776.50 | 1 868 178.47 | 13 980 598.03 | 1540 | 112 |
| 1969: | | | | | | |
| 1.1.—31.12. ..... | 294 924 | 16 172 960.00 | 2 568 908.03 | 13 604 051.97 | 1616 | 118 |
| 1970: | | | | | | |
| 1.1.—31.12. ..... | 319 889 | 17 307 687.50 | 2 629 522.80 | 14 678 164.70 | 1753 | 128 |
| 1971: | | | | | | |
| 1.1.—31.12. ..... | 382 595 | 20 494 012.50 | 4 000 000.00*) | 16 494 012.50*) | 2096 | 153 |
| | 1 839 971 | 101 396 234.00 | 15 536 006.84 | 85 860 227.16 | | |

*) Áætluð tala.

## Greinargerð um kostnað við framkvæmdir fyrir lán frá Alþjóðabankanum.
(Í millj. kr.).

| Áfangi | Lengd, km | Áætlun samkvæmt verðlagi í maí 1970 | | | | Tilboð í framkv. | | Áfallinn kostnaður í lok 1971 | | | | Áætlaðar hækkanir kostn. | | | Áætl. lokakostn. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Framkv. kostn. | Eftirlits-kostn. | Kostn. við vegstæði | Áætlaður heildar kostn. | Verðlag í júlí 1970 | Verðlag í febrúar 1971 | Framkv. kostn. | Eftirlits kostn. | Kostn. við vegstæði | Kostn. alls | v/magn-aukn., verkbreyt. og viðbóta | v/verð-hækkana | v/aukins kostn. við vegstæði | |
| VV2 | 3.0 | 63.4 | 5.3 | 5.0 | 73.7 | 58.6 | | 71.4 | 5.0 | 5.4 | 81.8 | 17.9 | 3.3 | 5.0 | 95.1 |
| VV3 | 6.4 | 55.4 | 6.3 | 2.0 | 63.7 | | 74.7 | 31.4 | 2.1 | 4.6 | 38.1 | 4.7 | 6.1 | 10.0 | 103.8 |
| VV4 | 4.6 | 61.0 | 7.0 | 3.0 | 71.0 | | 87.3 | 52.0 | 2.7 | 3.0 | 57.7 | 13.0 | 6.4 | 5.5 | 122.2 |
| SV1 | 7.2 | 103.1 | 8.7 | 7.6 | 119.4 | | 110.4 | 50.3 | 3.7 | 3.5 | 57.5 | | 7.5 | 4.9 | 139.1 |
| SV5 | 6.3 | 46.9 | 3.2 | 1.3 | 51.4 | | 44.1 | 24.7 | 1.4 | | 26.1 | 12.1 | 3.7 | ÷ 0.1 | 64.3 |
| SV6 | 6.1 | 64.2 | 4.3 | 0.8 | 69.3 | | 62.1 | 29.6 | 1.9 | | 31.5 | 7.3 | 5.0 | | 79.5 |
| SV7/8 | 14.1 | 74.7 | 7.6 | 3.5 | 85.8 | 57.6 | | 62.3 | 5.0 | 3.5 | 70.8 | 19.5 | 4.3 | 6.5 | 99.0 |
| | 47.7 | 468.7 | 42.4 | 23.2 | 534.3 | 494.8 | | 321.7 | 21.8 | 20.0 | 363.5 | 74.5 | 36.3 | 31.8 | 703.0 |
| % af lokakostn. | | 66.7 | 6.0 | 3.3 | 75.0 | 70.4 | | 46.1 | 3.1 | 2.8 | 51.7 | 10.6 | 5.2 | 4.5 | |

Fskj. 2.3.2—1.

**Yfirlit um framkvæmdir samkv. vegáætlun 1971.**

1. **Hraðbrautir:**

| | |
|---|---|
| a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar | 15.4 km |
| b) Lagning malarslitlags | 2.5 km |
| c) Lagning varanlegs slitlags | 18.3 km |
| d) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr | 31 m |
| e) Smábrýr, 1 brú | 8 m |

2. **Þjóðbrautir:**

| | |
|---|---|
| a) Undirbyggðir vegir | 95.9 km |
| b) Lagt slitlag og burðarlag | 81.1 km |
| c) Brýr 10 m og lengri, 6 brýr | 204 m |
| d) Smábrýr, 6 brýr | 31 m |

3. **Landsbrautir:**

| | |
|---|---|
| a) Undirbyggðir vegir | 102.5 km |
| b) Lagt slitlag og burðarlag | 128.4 km |
| c) Brýr 10 m og lengri, 4 brýr | 153 m |
| d) Smábrýr, 7 brýr | 40 m |

4. **Sýsluvegir:**

| | |
|---|---|
| a) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr | 27 m |
| b) Smábrýr, 4 brýr | 23 m |

5. **Fjallvegir:**

| | |
|---|---|
| a) Brýr 10 m og lengri, 1 brú | 22 m |

6. **Einkavegir:**

| | |
|---|---|
| a) Brýr 10 m og lengri, 1 brú | 22 m |